

Sjálfvirk innbrotaviðvörðunarkerfi

Leiðbeiningar um uppsetningu

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....7

BREYTINGAR Á NEFNDARSKIPAN	7
VERKEFNI TÆKNINEFNDAR	7
VIÐMIÐUNARREGLUR EÐA LEIÐBEININGAR UM SIV (SJÁLFBIRK INNBROTAVIÐVÖRUNARKERFI)	7
TEIKNITAKN	8
HUGTÖK	8
KYNNING OG ÞJALFUN	8
VERKLOK	8

FORMÁLI.....10

ALMENNT	10
UMFANG	10
010 HUGTÖK OG SKILGREININGAR	10
020 VIÐURKENNING UPPSETNINGARADILA :	10
030 HÖNNUN KERFA:.....	10
040 UPPSETNING KERFA:	10
050 KERFISEININGAR:	10
060 AÐGANGSSTIG:	10
070 AÐVÖRUNARSÖNNUN:	10
080 ANNAR VIÐVÖRUNARBÚNAÐUR:	11
LEIÐBEININGAR VARÐANDI REKSTUR Á SIV-KERFUM ER AÐ FINNA Í EFTIRFARANDI	
KÖFLUM:.....	11
100 UPPSETNINGARUMSÖGN	11
120 EFTIRLIT OG VIÐHALD.....	11
UPPSETNING	11
STAÐFESTINGARREGLUR	11
ÖRYGGISÞREP	11

010 SKILGREININGAR OG ORÐAFORÐI.....12

SKILGREININGAR	12
SIV-KERFI	12
AÐGANGSSTIG	12
LEIGULINA -VÖKTUÐ LINA	12
GRUNNBUNADUR.....	12
BYGGINGARHLUTI	12
STJORNSTÖÐVARBUNADUR	12
SKYNNJARI	12
FRAMHJATENGIR	13
VIÐBRAGÐSLEIÐBEININGAR	13
GILDRUEFTIRLIT	13

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

SKEL.....	13
VAKTMÍÐSTÖÐ	13
LOKA.....	13
LYKLAHYLKI.....	14
HLUTAEFTIRLIT	14
ÁRÁSTARROFI	14
VÖKTUN	14
VAKTSVÆÐI.....	14
MÖNNUÐ VÖKTUN	14
ÁHÆTTUMETNIR HLUTIR	14
SVÆÐISEFTIRLIT	15
FIKTVIÐVÖRUN.....	15
SENDI-/MÓTTÖKUBÚNAÐUR	15
MERKJAGJAFI	15
VIÐVÖRUNAREINING/ (ÖRYGGISEINING).....	15
ÖRYGGISÞREP	15
ÖRYGGISSVÆÐIÐ	15
STAÐFESTING UPPSETNINGAR Á SIV-KERFI	15
SIV-UPPSETNINGARADILI	15
SIV-KERFI, SAMÞYKKT AF SKAFOR	15
SKELVIÐVÖRUN.....	15
STÓRT OP.....	16
FORRITALÝSING.....	16
VIÐKVÆMUR BYGGINGARHLUTI	16

020 VIÐURKENNING UPPSETNINGARADILA17

030 HÖNNUN KERFA17

10 ALMENNT	17
11 ÖRYGGISÞREP	17
12 UMFANG VAKTAÐRA RÝMA	17
13 EFTIRLITSTEGUND	18
14 MERKINGAR	19
20 VAL Á SKYNJARA	20
21 ALMENNT	20
22 SKELVÖKTUN	20
23 RÝMISVÖKTUN	20
24 GILDRUVÖKTUN	21
25 NOTKUN OG STAÐSETNING	21
30 VAL Á STJÓRNSTÖÐ	21
31 ALMENNT	21
32 AFLGJAFI.....	21
40 BODFLUTNINGUR	21
41 ALMENNT	21
42 ÓVAKTAÐUR BODFLUTNINGUR.....	22
43 VAKTAÐUR BODFLUTNINGUR	22
44 BODFLUTNINGUR MEÐ AUÐKENNINGU	22

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

50 UPPSETNINGARGERÐ	23
ÖRYGGISÞREPIN SEX	23
ÖRYGGISÞREP I	23
ÖRYGGISÞREP II	23
ÖRYGGISÞREP III	23
ÖRYGGISÞREP IV	24
ÖRYGGISÞREP V	24
ÖRYGGISÞREP VI	24
UPPSETNINGARGERÐ	25
51 SIV A	25
52 SIV B	26
53 SAMEIGINLEGT FYRIR SIV A OG SIV B	27
54 SIV C	27
55 SIV D	28
56 SIV E	29
57 HLUTARVÖKTUN	30
60 FYLGISKJÖL	30

040 UPPSETNING

10 ALMENNT	31
11 FESTING KERFISEININGANNA	32
20 TENGEININGAR	32
21 RAFTAUGAR- OG TENGI	32
22 TENGIDOSIR	34
30 SKYNJARAR	34
31 ALMENNT	34
32 BROTAÞYNNNA	34
32 SNERTIÞRÆÐIR (SNÚRUOFAR)	37
34 ÖPNUNARSKYNJARI (DYRASKYNJARI)	38
35 ÁRÁSAMROFI	38
36 HREYFISKYNJARI / RÚÐUBROTSSKYNJARISKYNJARI	39
37 HLUTAREFTIRLIT	40
40 FRAMHJÁTENGIR	41
50 LYKLAHYLKI	42
60 MERKJAGJAFI	42
70 STJÓRNSTÖÐ	42
80 BOÐFLUTTNINGSBÚNAÐUR	43

050 KERFISEININGAR

10 GRUNÐVÖLLUR FYRIR SAMÞYKKI	44
10 ALMENNT	44
11 FLOKKUN	44
20 SAMÞYKKI	45
21 SAMÞYKKI KERFISEININGA	45
22 TILKYNNING UM SAMÞYKKI KERFISEININGAR	45
23 SAMÞYKKISTÍMABIL	45
24 SAMÞYKKT PRÓFUNARRANNSÓKNARSTOFA	45

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

25	VIÐURKENDUR BOÐFLUTNINGSBUNADUR.....	45
30	UPPLÝSINGABLAÐ FYRIR KERFISEININGAR.....	45
060	<u>AÐGANGSSTIG.....</u>	46
10	ALMENNT.....	46
20	AÐGANGSSTIG	46
30	HEIMILD	47
40	KERFI SETT Á VÖRÐ, TEKID AF VERÐI.....	48
41	Á VÖRÐ.	48
42	Á VERÐI.....	48
43	AF VERÐI.....	48
50	ENDURSTILLING EFTIR INNBROTAVIÐVÖRUN	49
60	ENDURSTILLING EFTIR FIKTVIÐVÖRUN.....	49
70	AÐRAR AÐGERÐIR	49
070	<u>STAÐFESTING VIÐVÖRUNAR.....</u>	50
10	ALMENNT	50
20	STAÐFESTING VIÐVÖRUNAR FRÁ SIV-KERFINU	50
21	HÖNNUN.....	50
22	SAMEIGINLEG STAÐFESTING	50
23	STÖK STAÐFESTING	51
24	BOÐFLUTNINGUR.....	51
30	STAÐFESTING VIÐVÖRUNAR FRÁ ÖÐRUM KERFUM.	51
40	VAKTMIDSTÖÐ.	52
080	<u>TÆKNIBÚNAÐUR.....</u>	53
10	ALMENNT	53
20	SKILGREININGAR	53
21	ALMENNT HUGTAKASAFN.....	53
30	MERKI	54
31	TÆKNIVIÐVÖRUNARÁSTAND.	54
40	MERKJASENDINGAR.....	54
50	ORKUGJAFI.....	54
51	ALMENNT	54
60	STJÓRNUN TÆKNILEGA UPPSETNINGA	54
61	FJARSTÝRING.....	54
090	<u>NOTKUN EFTIRLITSMYNDAVÉLA.....</u>	55
	FORMÁLI	55
	TILVÍSANIR.....	55
	SKILGREININGAR	56
	EM.....	56
	S-SIV	56

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

SIV-KERFI	56
VCR VIDEO CAM RECORDER	56
HÖNNUN	56
LÝSING	56
SENDING	56
MYNDUPPLAUSN	57
SKEMMDARVERKA- OG SKEKKJUEFTIRLIT	57
UPPSETNING	57
ÞJÓNUSTA	57
LEIÐBEININGAR UM ÚTFYLLINGU SIV-UPPSETNINGARUMSAGNAR	59
00 TRYGGINGARFÉLAG	59
10 EIGANDI/NOTANDI KERFIS	59
20 KERFISUPPLÝSINGAR.....	59
21 ÖRYGGISÞREP	59
22 UPPSETNING Í SAMRÆMI VIÐ GILDANDI REGLUR F&P	59
23 STJÓRNSTÖÐ	59
24 UPPSETNING Í SAMRÆMI VIÐ SÉRTÆKAR KRÖFUR TRYGGINGARFÉLAGSINS	60
25 EFTIRLIT	60
26 UPPSETNINGARSTADA	60
27 NOTKUNARVIÐ KERFISINS	60
28 VIÐVÖRUNARSENDING	60
30 UNDIRSKRIFT OG STIMPILL	61
31 SIV-SKRÁNINGARNÚMER	61
32 STIMPILL OG UNDIRSKRIFT	61
33 STIMPILL	61
40 SKOÐUN OG REKSTUR	61
41 SKULDBINDINGAR EIGANDA/NOTANDA SIV-KERFISINS	61
50 SENT TIL	61
51 SENT INN	61
<u>120 EFTIRLIT OG VIÐHALD</u>	<u>62</u>
10 ALMENNT	62
20 EFTIRLITS- OG VIÐHALDSSAMNINGUR	62
30 EFTIRLITIÐ TEKUR TIL.....	62
40 FULL ÞJÓNUSTA OG VIÐHALD	63

INNGANGUR

Tækninefnd um öryggiskerfi var stofnuð af Rafstaðlaráði 20. febrúar 1997.

Nefndina skipa 7 manns

Bergsteinn Ísleifsson

Björn I. Sverrisson

Jón Ólafsson

Guðmundur Gunnarsson

Jakob Kristjánsson, ritari

Pálmar Þórisson

Friðrik Örn Weissshappel, form.

Öryggismiðstöð Íslands

Rafræðingur

Sambandi íslenskra tryggingafélaga

Brunamálastofnun ríkisins

Verkfræðistofu Snorra Ingimarssonar

Securitas

Sambandi íslenskra viðskiptabanka

Breytingar á nefndarskipan

Pálmar Þórisson, Securitas tók við af Sigurði Erlingssyni í byrjun árs 1999 og Jón Ólafsson, Sambandi íslenskra tryggingafélaga tók við af Daníel Hafsteinsyni í ágúst árið 2000. Bæði Sigurður og Daníel höfðu verið í nefndinni frá upphafi.

Verkefni tækninefndar

Að samræma og skýra kröfur um gerð öryggiskerfa.

Að safna saman á einn stað upplýsingum um staðla og reglur um öryggiskerfi sem í gildi eru hér á landi.

Að fylgjast með erlendu stöðlunarstarfi á sviði öryggiskerfa og kynna evrópska staðla og staðlafrumvörp sem tengjast öryggiskerfum fyrir þeim sem hagsmuna hafa að gæta.

Að taka afstöðu til hugsanlega séríslenskra aðgerða, s.s. að taka upp erlendar viðmiðunarreglur eins og t.d. SKAFOR og VDS.

Að öðru leyti er nefndinni sjálfri falið að móta starfið og setja sér mörk að því er varðar verksvið, tímaáætlanir og kostnað. Nefndin hefur nú haldið 45 fundi.

Á Íslandi eru engir staðlar, viðmiðunarreglur eða formlegar leiðbeiningar í gildi sem varða öryggiskerfi ef frá eru talin brunaviðvörðunarkerfi. Þau kerfi lúta reglum Brunamálastofnunar ríkisins um sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi og hefur stofnunin fylgst með evrópsku stöðlunarstarfi hvað þau varðar. Nefndin telur þau mál í ágætum farvegi og hefur því ekki séð ástæðu til að fjalla frekar um þau.

Viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar um SIV (sjálfvirk innbrotaviðvörðunarkerfi)

Til að samræma og skýra kröfur eða leiðbeiningar um gerð og uppsetningu innbrotaviðvörðunarkerfa, hefur nefndin að undangenginni ítarlegri skoðun á helstu stöðlum sem í gildi eru í Evrópu, valið að styðjast við SKAFOR staðal (SKADEFORSIKRINGENS FORENING) þar til EN staðlar (Euro Norm eða Evrópustaðlar) liggja fyrir. Samið var við við Forsikring & Pension (F&P) í Kaupmannahöfn, útgefanda staðalsins, um afnotarétt og heimild til þýðingar. Efni það sem notað er í íslenskar viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar er þýtt úr Skafor staðlinum. Áhersla var lögð á að samræma orðaval og orðaskýringar og ganga frá texta og framsetningu þannig að hann væri aðgengilegur lærdum sem leikum. Fyrir liggur

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

tillaga nefndarinnar að ferli fyrir val, hönnun og uppsetningu öryggiskerfa. Með þýðingunni fylgir formáli nefndarinnar þar sem gerð er grein fyrir tilgangi og væntingum með útgáfunni.

Nefndin lítur svo á að ekki sé verið að mismuna söluaðilum öryggisbúnaðar með útgáfu viðmiðunarreglna á íslensku, þar sem þær er fyrst og fremst hugsaðar sem leiðbeinandi. Þó telur nefndin telur að senda þurfi þessar viðmiðunarreglur hagsmunaaðilum til umsagnar áður en þær verða gefnar út. Eðlilegt er að þessar viðmiðunarreglur víki síðan fyrir EN stöðlum jafnóðum og þeir eru gefnir út.

Teiknitákn

Við skoðun á teiknitáknum kom í ljós að ósamræmi gætir í notkun þeirra hjá hönnuðum öryggiskerfa. Gjarnan eru mismundandi tákn notuð fyrir sömu hluta öryggiskerfa. Því hefur nefndin unnið samhliða að samantekt á teiknitáknum sem notuð eru yfir öryggiskerfi í þeim tilgangi að semja megi tillögu að samræmdu táknaafni til notkunar hér á landi. Eðlilegt er að val á táknum og ný tákn í táknaafni styðjist við IEC staðla (International Electric Committee).

Hugtök

Við þýðingu efnisins leitaðist nefndin við að samræma íslensk hugtök sem í notkun eru yfir öryggiskerfi og einstaka hluta þeirra og í einhverjum tilfellum urðu til ný íslensk hugtök.

Kynning og þjálfun

Viðræður hafa farið fram við stjórn RST og Rafiðnaðarskólann um dreifingu og kynningu á efninu. M.a. hefur sú hugmynd komið fram að Rafiðnaðarskólinn vinni kennslugögn fyrir uppsetningar- og úttektaraðila og annist kennslu líkt og gert er varðandi uppsetningu brunaviðvörðunarkerfa. Kynning á efninu verði síðan á heimasíðu RST. Engin endanleg tillaga eða ákvörðun um fyrirkomulag liggur fyrir. Nefndin telur að heppilegast sé að óháður aðili sé best til þess fallinn að þróa, kynna og dreifa þessu efni í von um að í framtíðinni verði til staðall sem sá hinn sami hefur eftirlit með. (Sbr. Brunamálastofnun).

Verklök

Um nokkurn tíma hefur staðið til að ljúka þessum starfi sem nú er í höfn. En starf nefndarinnar hefur tafist töluvert vegna mikilla anna nefndarmanna í sínum launuðu störfum. Með framlögðum gögnum telur Tækninefnd um öryggiskerfi sínu starfi, samkvæmt verklýsingu, vera lokið. Þó hafa nefndarmenn lýst sig reiðubúna til að vinna áfram að þessu verkefni í formi sérverkefna.

Framlögð gögn:

Staðfærðar og þýddar viðmiðunarreglur byggðar á SKAFOR.

Ferli fyrir val, hönnun, uppsetningu og þjónustu öryggiskerfa.

Samræmt safn hugtaka.


Samantekt á teiknitáknum fyrir öryggiskerfi.

Fyrir hönd tækninefndar um öryggiskerfi

Friðrik Örn Weisshappel

ÖRYGGISKERFI FERLI

Tækninefnd um öryggiskerfi
BIS/JK mars 99



FORMÁLI

Almennt

Í þessum leiðbeiningum er að finna lýsingu á því hvernig sjálfvirk innbrotaviðvörðunarkerfi skulu byggð upp og hvernig þeim skal við haldið. Hér er að finna lýsingu á því hvaða ráðstafanir séu góðar til að uppgötva megi innbrot eða tilraun til innbrots og jafnframt hvernig unnt sé að fækka fjölda óæskilegra viðvarana. Tilgangur þessara leiðbeininga er en fremur að stuðla að samræmingu hönnunar og uppsetningu innbrotaviðvörðunarkerfa.

Athuga ber að þegar um er að ræða sjálfvirk innbrotaviðvörðunarkerfi, þar sem notað er þráðlaust samband á milli stjórnstöðvar og skynjara, þarf oft að gera sérstakar ráðstafanir.

Umfang

Þessar leiðbeiningar taka til eftirfarandi kafla sem fjalla um sjálfvirk innbrotaviðvörðunarkerfi (skammstafað SIV-kerfi):

010 Hugtök og skilgreiningar

Sérleg hugtök, sem notuð eru í SIV-leiðbeiningunum. Annarri skilgreiningu og öðrum hugtökum er lýst undir einstakum köflum leiðbeininganna.

020 Viðurkenning uppsetningaraðila :

Ákvarðanir og aðferðir við skráningu á uppsetningaraðilum sem setja upp SIV-kerfi. Skráð fyrirtæki geta fengið birtingu á lista yfir viðurkennda uppsetningaraðila sem setja upp SIV-kerfi.

030 Hönnun kerfa:

Leiðbeiningar fyrir hönnun SIV-kerfa.

040 Uppsetning kerfa:

Leiðbeiningar fyrir uppsetningu á SIV-kerfum.

050 Kerfiseiningar:

Leiðbeiningar og aðferðir til viðurkenningar á einingum fyrir SIV-kerfi. Sundurliðaðar kröfur til hvernar kerfiseiningar má sjá frá og með kafla 200. Viðurkenndar kerfiseiningar birtast á lista yfir kerfi sem hlotið hafa samþykki Skafor.

060 Aðgangsstig:

Skilgreiningar á heimildum notenda og aðgangi að upplýsingum í SIV-kerfinu.

070 Aðvörðunarsönnun:

Lýsing á aðferðum sem beitt er til að staðfesta eða rökstyðja aðvörðunarpplýsingar frá SIV-kerfi sem berast til viðurkenndrar stjórnstöðvar.

080 Annar viðvörðunarbúnaður:

SIV-kerfið notað fyrir aðrar viðvaranir en innbrotaviðvaranir.

Leiðbeiningar varðandi rekstur á SIV-kerfum er að finna í eftirfarandi köflum:

100 Uppsetningarumsögn

120 Eftirlit og viðhald.

Uppsetning

Hver kafli leiðbeininganna myndar órjúfanlega heild.

Staðfestingarreglur

Hér á eftir er að finna lýsingu á skilgreiningum og ferlum staðfestingarreglnanna. Sá sem setur upp SIV-kerfi skal hafa viðurkenningu (frá SÍT eða öðrum viðurkendum aðila) til þess til að hanna um og setja upp SIV-kerfi sem viðurkennd eru af Skafor.

Kerfi telst vera SIV-kerfi, sem skipulagt hefur verið og sett upp af uppsetningaraðila sem hefur leyfi til að setja upp SIV-kerfi hjá Skafor og sem notar í verkið kerfiseiningar sem samþykktar/skráðar eru hjá Skafor.

Framleiðandi /innflytjandi er umsækjandi, eigandi og ábyrgur fyrir samþykkt kerfiseiningarinnar.

Eftirlitsmaður er sérfróður aðili, tilnefndur af (SÍT), sem sér um eftirlit með SIV-kerfi í samræmi við SIV-viðmiðunarreglur þessar.

Þar til samþykktar verða staðfestingarreglur fyrir rannsóknarstofur verða prófanir einvörðungu framkvæmdar hjá:

DELTA - Elektroniktest, Danmörku

DNV - Det Norske Veritas, Noregi

LPC - Loss Prevention Council, Englandi

SP - Sveriges Provnings - och Forskningsinstitut, Svíþjóð

TPL - Teleprøvningslaboratoriet ved Teledanmark, Danmörku

VdS - Verband der Schadenversicherer e.V., Þýskalandi.

Öryggisþrep

Segir til um umfang vélræns öryggis og rafeindaeftirlits á staðnum sem verja á og eru þau ákvörðuð af tryggingafélagi í samræmi við öryggisþrep I-VI.

Kerfiseining er stjórnstöðvarbúnaður, orkugjafi, skynjari, varúðargjafi o.þ.h.

010 SKILGREININGAR OG ORÐAFORÐI

Skilgreiningar

SIV-kerfi

Sjálfvirkt innbrotaviðvörðunarkerfi, sem skráir sjálfkrafa ef brotist er inn eða tilraun er gerð til þess, og gefur frá sér viðvörðun þess eðlis.

Aðgangsstig

Hugtak sem er notað til að skilgreina heimildir notenda til að vinna tilteknar aðgerðir og eftir því hvaða aðgang þeir hafa að upplýsingum frá SIV-kerfum.

Leigulína -Vöktuð lína

Leigulína sem leigð er til boðflutnings frá kerfum. Þessi lína er leigð hjá fyrirtækjum á sviði fjarskipta. Vöktuð leigulína verður að vera undir eftirliti vegna skemmdarverka enda á milli.

Grunnbúnaður

Hugbúnaður, vélbúnaður stjórnstöðvarinnar, sem framleiðandi hefur látið í té, og sem ákvarðar meðferð boða ellegar upplýsinga, sem skilgreind eru af þeim sem annast uppsetningu eða af notandanum.

Byggingarhluti


Hluti af byggingu. Með föstum byggingarhluta er átt við útvegg, millivegg, gólf, þak eða álíka, sem fast er á sínum stað og ekki er unnt að fjarlægja án verkfæra. Færanlegur byggingarhluti er hins vegar hurð, gluggi eða ámóta búnaður til að loka með.

Stjórnstöðvarbúnaður

Sá hluti SIV-kerfisins, sem tekur við, vinnur úr og sendir áfram boð frá öðrum búnaði. Stjórnstöðvarbúnaður er samheiti yfir stjórnstöðina, stjórn- og notendaeiningu, þjónustueiningu, orkugjafa og boðsendibúnað. Stjórnstöðvarbúnaður getur falið í sér sendi-/móttökubúnað fyrir fjarskipti með notkun skynjara í SIV-kerfinu.


Skynjari

Kerfishluti, sem sjálfstætt skynjar ástandsþrengingar í rými eða á fleti. Skynjarar kunna að hafa að geyma sjálfstæðan orkugjafa og hugsanlega einnig sendi-/móttökubúnað fyrir fjarskipti.



Framhjá tengir

Rofi, sem tengir framhjá skynjara er vaktar aðgangdsleiðina að þeirri notendaeiningu sem tekur kerfið af verði.



Viðbragðsleiðbeiningar


Leiðbeiningar til stjórnstöðvarinnar um hvað geri beri þegar viðvörðun berst.

Gildrueftirlit

Er notað þegar eftirlit er haft með völdum lokunum, og/eða rýmum.

Skel

Byggingarhlutar sem umlykja það sem eftirlit er haft með.



Vaktmiðstöð


Móttökustöð fyrir viðvörðunarboð, sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneyti.

Loka

Hurð eða gluggi sem lokar fyrir op á skelflötum. Með loku er t.d. átt við hurð, glugga, hlið, hlemm eða álíka.


Lyklahylki

Öryggiseining, sem notuð er til að varðveita í lykilinn sem viðbragðsaðili hefur fengið afhentan frá eigandanum í þeim tilgangi að fá aðgang að SIV-kerfinu ellegar þá til að veita eftirlitsmanni aðgang að svæðinu sem eftirlit er haft með.



Hlutaftirlit

Með þessu er átt við tiltekinn hlut sem eftirlit er haft með.



Árásarrofi.

Rofi, sem stutt er á handvirkt til að senda boðum um hættuástand/árás. Árásarrofi getur einnig verið útfærður sem fótrofi

Vöktun

Þegar notuð eru SIV-kerfi, er um að ræða vöktun, þar sem sjálfvirkt er skynjað hvort brotist er inn eða tilraun gerð til þess og viðvörðun berst þar að lútandi.

Vaktsvæði

Svæðið, sem er vaktað af SIV-kerfi.

Mönnuð vöktun

Eftirlit þar sem eingöngu er notast við skilningarvit mannsins.

Áhættumetnir hlutir

Hlutir, sem vekja áhuga innbrotspjófa, (samkvæmt skilgreiningum tryggingafélaganna.)

Svæðiseftirlit

Með þessu er átt við svæði á bak við skelflötinn, þar sem einum eða fleiri skynjurum er beitt við eftirlit.

Fiktviðvörðun.

Viðvörðunarboð sem send eru ef óleyfileg afskipti eru höfð af SIV-kerfi sem sett hefur verið upp.

Sendi-/móttökubúnaður

Þráðlaus búnaður sem sendir boð með aðstoð ljóss eða fjarskiptatengsla.

Merkjagjafi

Hljóð- eða sjónmerki, sem á staðnum er tengt við SIV-kerfið. Merkjagjafinn getur falið í sér sinn eigin orkugjafa og e.t.v. sendi-/móttökubúnað fyrir fjarskipti.

Viðvörðunareining/ (Öryggiseining)

Eining, sem hentar vel sem öryggisráðstöfun gegn innbrotspjófinum.

Öryggisþrep

Segir til um umfang öryggisbúnaðar á staðnum sem eftirlit er haft með, í samræmi við öryggisþrepin I-VI.

Öryggissvæðið

Það svæði að baki skelflatarins sem varið er gegn innbrotum.

Staðfesting uppsetningar á SIV-kerfi.

Staðfesting, fyllt út og undirrituð af þeim sem setti upp SIV-kerfið.

SIV-uppsetningaraðili.

Uppsetningaraðili, sem viðurkenndur er (td. af Rafiðnaðarskólanum) til að setja upp SIV-kerfi.

SIV-kerfi, samþykkt af Skafor


SIV-kerfi, sem hannað og sett hefur verið upp af SIV-uppsetningaraðila, sem viðurkennt er af Skafor í samræmi við leiðbeiningar þessar, og þar sem notaður hefur verið samþykktur/skráður búnaður.

Skelfviðvörðun.

Með þessu er átt við eftirlit með því hvort hurðir, gluggar og viðkvæmir byggingarhlutar eru brotnir upp og opnuð.

Stórt op

Op á skelfleti sem er stærra en $0,1 \text{ m}^2$ og þar sem báðar hliðar eru stærri en 12 sm.



Forritalýsing

Upplýsingar er varða skilgreiningu í tilteknu SIV-kerfi. Sem dæmi má nefna forritsbreytur fyrir úrvinnslu boða.

Viðkvæmur byggingarluti

Byggingarluti, sem ekki getur staðist það að myndað sé stórt op vegna þess að opnað hefur verið og/eða brotist í gegn með notkun venjulegra handverkfæra.

020 VIÐURKENNING UPPSETNINGARADILA

Þessi kafli er ekki fullbúin þar sem ekki er ljóst hver annast kennslu og viðurkenningu á aðilum. Honum verður bætt við um leið og þau mál skýrast.

030 HÖNNUN KERFA

Innbrotaviðvörðunarkerfi, sem eru hönnuð og sett upp samkvæmt þessum leiðbeiningum, hafa það markmið að skynja og skrá innbrot, eða tilraunir til þess, eins fljótt og auðið er og að vara við, þannig að bregðast megi við og takmarka tjón af þessum völdum.

10 Almenn

Við hönnun kerfa skal notast við eftirfarandi uppsetningargerðir (sjá nánar kafla 50, Uppsetningargerð):

- 10.11 SIV A
- 10.12 SIV B
- 10.13 SIV C
- 10.14 SIV D
- 10.15 SIV E


11 Öryggisþrep

- 11.10 -Þegar hana á SIV kerfi fyrir svæðin sem vakta á verður að miða hana við öryggisþrep samkvæmt fyrirmælum og með hliðsjón af eftirfarandi áhættumati á eftirlitssvæðinu:
- 11.11 - Styrkur jaðarflatar ellegar flokkun sem eining fær gegn opnun/innbroti.
- 11.12 - Staðsetning viðkvæmra byggingarluta og hurða/glugga á skilfleti.
- 11.13 - Staðsetning áhættumetinna hluta á vaktsvæðinu.

Ætíð skyldi uppfylla öryggisþrepin sex, sem fela í sér lágmarkskröfur um byggingartæknilegt öryggi og vaktkerfi, þar sem fyrirskipað er. Byggingatæknilegur styrkur jaðarflatanna í tengslum við SIV-kerfi ræðst af skynjunar- og útkallstímanum.

12 Umfang vaktadra rýma

- 12.10 Við þarfagreiningu vaktsvæða í hinu varða rými skal hún miðast við eitt herbergi í senn.
- 12.20 Við þarfagreiningu vöktunar skal ekki tekið tillit til veikra byggingarluta ásamt gluggum og álíka lokunum á jaðarfletinum, sem eru meira en 4 metra yfir jörðu. Þetta á einnig við um útbyggingar, nema að öðru leyti sé unnt að skriða inn af svölum, veggjarsnös, niðurfallsröri eða álíka.



- 12.30 SIV-kerfið skal hannað þannig að:
- 12.31 Það henti umhverfinu og að fjöldi óæskilegra boða verði lágmarkaður
- 12.32 Kerfið sé svæðaskipt, þannig að þótt hluti kerfisins verði aftengdur, þá sé engu að síður hluti af hinu varða rými vaktað
- 12.33 Sérstaklega skal vanda til hönnunar á aðgangsléiðinni að stjórnstöðinni.
- 12.34 Þegar kerfi er allt tekið af verði eða að hluta sé slíkt einungis möguleg fyrir þann sem notar réttan lykil, notendakóða eða rétt aðgangskort
- 12.35 Ætíð sé kleift að bæta við kerfið.

Þegar notaður er lykill, kort ellegar kóðalás teljast kröfurnar um að taka kerfi af verði yfirleitt hafa verið uppfylltar. Ef kerfið er tekið af verði / sett á vörð í stjórnstöð telst það enn fremur uppfylla kröfurnar. Kröfurnar um stækkun á kerfinu teljast að öllu jöfnu hafa verið uppfylltar ef uppsetningargerð í sama herbergi getur aukist úr uppsetningargerð SIV-A eða SIV-B yfir í gerð SIV-C o.s.frv.

- 12.40 Þegar herbergi er vaktað með meira en einum skynjara skal dreifa skynjurunum á fleiri en eina rás í stjórnstöðinni.
- 12.41 Skynjarar sem mynda hluta af skelvöktun skuli ætíð tengdir við sína eigin rás.

13 Eftirlitstegund

- 13.10 Þar sem fyrirmæli eru um fleiri en eina tegund eftirlits í sama rými getur ein gerðin ekki leyst aðra af hólmi, jafnvel þótt báðar séu sömu gerðar.
- 13.11 Ef um er að ræða nokkrar eins eftirlitstegundir, þá skyldi staðsetja skynjarana þannig að þeir auki og styrki annað eftirlit, auk þess að skynja svæðið sem þeim var ætlað.
- 13.12 Litið er á að haft sé eftirlit með lokun ellegar viðkvæmum byggingarhluta að herbergi ef sett hefur verið upp herbergiseftirlit utan jaðarflatar herbergisins.
- 13.13 Hægt er að hanna skelvöktun þannig, að hún sé sameiginleg fyrir eitt eða fleiri eftirlitssvæði.

Nauðsynlegt er að veita því eftirtekt að fjöldi skynjara í einu kerfi má aldrei vera minni en tilgreint er fyrir vöktunina. Ef skynjari er ætlaður fyrir herbergisvöktun, má ekki jafnframt nota hann í skelvöktun. Þegar gerðar eru kröfur um skelvöktun, rýmisvöktun og gildruvöktun, mega skynjarar ekki vera færri en þrjár. Ef skelfletir byggingar eru vaktaðir með allsherjar skelvöktun, þá ber að líta svo á sem öll herbergi hússins njóti skelvöktunar, af uppsetningargerð SIV-A.

14 Merkingar

14.10 Fyrir utan svæðið sem er vaktað skal vera merking sem gefur greinilega til kynna að sett hafi verið upp SIV-kerfi á svæðinu.

14.11 Merkingin skal gefa til kynna að sett hafi verið upp SIV-kerfi á svæðinu og jafnframt skal það geyma upplýsingar um símanúmer vaktstöðvarinnar, sem kerfið er tengt við. Ef merkingin sýnir jafnframt símanúmer þjónustuaðilans, skal númer vaktstöðvarinnar birtast með stærri tölustöfum.

20 Val á skynjara


21 Almennt

Þegar valin er skynjarategund skal hönnunin miðuð við umhverfi vaktaða svæðisins.

21.20 Flokkun skynjarans skyldi taka mið af öryggisþrepi vaktsvæðisins.

22 Skelvöktun

22.10 Þegar um er að ræða skelvöktun skal velja skynjaragerð, sem skynjað getur einstakling, sem reynir að ryðjast inn um skelflötinn sem um ræðir, með því að brjótast inn og/eða opna sér leið.



22.11 Þegar um er að ræða vöktun á opnun skal velja eina eða fleiri tegundir skynjara, sem bregðast við áður en unnt er að opna lokuna (t.d. hurð eða glugga) meira en 6 sm. Þegar um er að ræða vöktun á gegnumbroti skal velja eina eða fleiri skynjaragerðir, sem bregðast við áður en unnt er að brjóta stórt op.

Leyfilegt er að nota hljóðnæma rúðubrotsskynjara í:

22.21 - Öryggisþrepum I-II

22.22 - Öryggisþrepum III-V, ef rúður eru ekki útbúnar með glerlistum að utanverðu

22.23 - Öryggisþrepum III-V, ef rúður eru stærri en 3m².

23 Rýmisvöktun

23.10 Ef um er að ræða rýmisvöktun skal velja eina eða fleiri tegundir skynjara, sem skynjað geta einstakling á hreyfingu í rýminu ellegar frá einni lokun til annarrar í rýminu.

Tvær lokanir, sem minni fjarlægð en 1,5 metrar eru á milli, teljast vera ein loka.

24 Gildruvöktun

- 24.10 Ef um er að ræða gildruvöltun skal velja eina eða fleiri tegundir skynjara, sem skynjað geta einstakling, sem reynir að komast framhjá tilteknu gildrusvæði.
- 24.11 Skynjara fyrir gildruvöktun skal hagræða þannig að hann sjáist ekki utan svæðisins sem hann á að ná til.

25 Notkun og staðsetning

- 25.10 Notkun skynjara- svo og staðsetning skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem fylgja honum.

30 Val á stjórnstöð

31 Almennt

- 31.10 Flokkun stjórnstöðva skyldi vera í samræmi við öryggisþrep vaktsvæðisins.
- 31.20 Stjórnstöðin skyldi þannig sett upp á vaktsvæðinu, að hámarks öryggis og vöktunar sé gætt með tilliti til þess hvernig kerfið er tekið af verði, skv. 12.32.
- 31.30 Stjórnstöðinni skal koma fyrir á föstum byggingarhluta á vaktsvæðinu, í samræmi við öryggisþrepið.
- 31.31 Ef stjórnstöðin er með rafeindahluta, sem aðgreindur er frá stjórnborðinu, skal þessi hluti vera settur upp á vaktsvæðinu ellegar vera undir hlutarvöktun.
- 31.40 Skilgreining stjórnstöðvar skal vera í samræmi við það sem tilgreint er í kafla 060, Aðgangsstig.

32 Aflgjafi

- 32.10 Stjórnstöðin skal vera fastteng við aflgjafa og vera auk þess búin sínum eigin varaafgjafa.
- 32.11 Tenging við utanaðkomandi aflgjafa skal vera fasttenging.
- 32.12 Varaafgjafi skal vera nægilega stór til að kerfið geti verið í gangi í minnst 12 klst. við venjulegar aðstæður.


40 Boðflutningur

41 Almennt

- 41.10 Viðvaranir skulu sendar til viðurkenndrar vaktstöðvar með viðurkenndum boðflutningsbúnaði sem er í samræmi við öryggisþrepið á staðnum.


42 Óvaktaður boðflutningur

42.10 Með óvöktuðum boðflutningur átt við boðflutning, sem á sér stað með óvaktaðri boðflutningsleið. Sem dæmi getur verið átt við flutning frá móttaldi um venjulegar símalínur.



43 Vaktaður boðflutningur

Með vöktuðum boðflutningier átt við boðflutningsbúnað, þar sem prófunarboð berast með mest níutíu sekúndna millibili (þó skal ráða það sem fyrir er mælt í EN50136) á milli SIV-kerfisins og eftirlitsaðila (t.d. vaktstöðvar) með fullnægjandi árangri. Sem dæmi getur verið átt við beinlínutengingu.



44 Boðflutningur með auðkenningu

44.10 Með boðflutningi með auðkenninguer átt viðvaktaðan boðflutning, sem gerir kleift að bera reglubundið kennsl á einstaka SIV-kerfi, bæði sjálfkrafa og handvirkt.

50 Uppsetningargerð

Uppsetningargerð öryggiskerfa er flokkuð í fimm flokka þ.e. uppsetningargerð A,B,C,D og E eins og getið er um í kafla 3 “Hönnun kerfa”. Við ákvörðun uppsetningargerðar skal tekið tillit til öryggisþrepanna sex.

Öryggisþrepin sex

Öryggisþrepin sex, sem eru leiðbeinandi lágmarkskröfur, eru eftirfarandi:

Öryggisþrep I

Stór op á jaðarflötum skulu vera hulin með lokum. Inn- og útgöngudyr á jaðarflötumskulu vera læst með að minnsta kosti einni viðurkenndri læsingu.

Öryggisþrep II

Stærri op á skelflötum skulu vera hulin með lokum. Inn- og útgöngudyr á skelflötum skulu verða læstar með að minnsta kosti tveimur lásaeyningum, þarf af önnur viðurkennd. Stærri op á jaðarflötum skulu varin gegn innbrotum í BLÁUM flokki að minnsta kosti, nema ef um er að ræða glugga sem eru stærri en 3 m² ELLEGAR verða stærri op á jaðarflötum að vera hulin með lokum. Inn- og útgöngudyr á jaðarflötum verða að vera læstar með að minnsta kosti einni viðurkenndri lásaeyningu ásamt viðurkenndu SIV C-kerfisem fylgst getur með opnun inn-/útgöngudyra á skelflötum og getur vaktað rými. Búnaðurinn verður að ráða við viðurkenndan boðflutning yfir í viðurkennda vaktstöð.

Öryggisþrep III

Stór op á skelfletinum verða að vera hulin með lokum. Inn- og útgöngudyrum á skelflötum verður að vera læst með minnst tveimur lásaeyningum og þarf önnur þeirra að minnsta kosti að vera viðurkennd. Stór op á skelflötum skulu varin gegn innbrotum í GULUM flokki að minnsta kosti, nema ef um er að ræða glugga sem eru stærri en 3m² OG einnig verður að nota viðurkennt SIV D-kerfi, þar sem að minnsta kosti er fylgst með opnun og innbroti á inn-/útgöngudyrum og gluggum á skelflötum og að rýmið sé vaktað. Búnaðurinn verður að ráða við viðurkenndan boðflutning yfir í viðurkennda vaktstöð.

Öryggisþrep IV

Stór op á skelfletinum verða að vera hulin með lokum. Inn- og útgöngudyrum á skelflötum verður að vera læst með minnst tveimur lásaeiningum og þarf önnur þeirra að minnsta kosti að vera viðurkennd. Stór op á skelflötum skulu varin gegn innbrotum í GRÆNUM flokki að minnsta kosti, nema ef um er að ræða glugga sem eru stærri en 3m² OG einnig verður að nota viðurkennt SIV D-kerfi, þar sem að minnsta kosti er fylgst með opnun og innbroti á inn-/útgöngudyrum og gluggum á skelflötum og að rýmið sé vaktað. Einnig verður að koma fyrir SIV B-kerfum á innri gangsvæðum sem liggja að rýminu/rýmum. Búnaðurinn verður að ráða við viðurkenndan boðflutning yfir í viðurkennda vaktstöð með auðkenningu.

Öryggisþrep V

Stór op á skelfletinum verða að vera hulin með lokum. Inn- og útgöngudyrum á skelflötum verður að vera læst með minnst tveimur lásaeiningum og þarf önnur þeirra að minnsta kosti að vera viðurkennd. Stór op á skelflötum skulu varin gegn innbrotum í BLÁUM flokki að minnsta kosti OG einnig verður að nota viðurkennt SIV D-kerfi, þar sem að minnsta kosti er fylgst með opnun og innbroti á inn-/útgöngudyrum og gluggum á skelflötum og að rýmið sé vaktað. Einnig verður að koma fyrir SIV B-kerfum á innri gangsvæðum sem liggja að rýminu/rýmum. Búnaðurinn verður að ráða við viðurkenndan boðflutning yfir í viðurkennda vaktstöð með auðkenningu.


Öryggisþrep VI

Gerðar eru sömu lágmarkskröfur og í þrepi V og þar við bætast aukalegar kröfur eftir að áhættumat hefur farið fram.

Uppsetningargerð


51 SIV A

51.10 Þetta kerfi er sett upp fyrir skelvöktun að hluta til, sem skynjar þegar opnað er, hvort sem um er að ræða inn-/útgöngudyr eða glugga (lokur) á skelfleti A-vaktsvæðisins sem valið var.



52 SIV B

Þetta kerfi er sett upp fyrir rýmisvöktun ellegar gildrúvöktun, sem skynjar á nokkrum notkunarsvæðum, sem svarar til fjölda rýma á B-vaktsvæðinu sem valið var.




53 Sameiginlegt fyrir SIV A og SIV B

53.10 Stjórnstöð skal sett innan skelvaktar og einnig innan rýmisvöktunar, sé þess nokkur kostur.

Ef um er að ræða öryggisþrep IV og V verður einnig að nota aukalega SIV-B kerfi í innri göngum sem mynda skil við herbergið/-in sem um ræðir.

54 SIV C

Þetta kerfi skal sett upp sem skelvöktun að hluta til og ásamt því skyldi nota rýmisvöktun ellegar gildruvöktun.



54.11 Skelvöktun skal skynja þegar opnaðar eru inn-/útgöngudyr á jaðarfletinum að C-vaktsvæðinu sem valið var.


54.12 Rýmisvöktun/gildruvöktun skal skynja á nokkrum notkunarsvæðum, sem svara til fjölda rýma á C-vaktsvæðinu sem valið var.

54.20 Stjórnstöð skal komið fyrir á vaktsvæðinu.

54.21 Skynjarar skulu tengjast minnst tveim rásum í stjórnstöð.


54.30 Nota skal framhjá tengi og tengja það við tímatöf rásar í stjórnstöð.

- 55.10 Þetta kerfi skal sett upp sem allsherjar skelvöktun ásamt rýmisvöktun ellegar gildrúvöktun.
- 55.11 Með skelvöktun verður að vera unnt að skynja:
- Opnun inn-/útgöngudyra, glugga og annarra loka á skelfleti SIV-D vaktsvæðisins sem valið var
 - Þegar brotist er gegnum fasta og hreyfanlega byggingarhluta á skelfleti við SIV-D vaktsvæðisins sem valið var.
- 55.12 Með rýmisvöktun/gildrúvöktun verður að vera unnt að skynja:
- Á notkunarsvæði sem liggur á milli áhættumetnu hlutanna og hugsanlegra inn-útgönguleiða innbrotsþjófsins.
- 55.20 Stjórnstöð skal komið fyrir á vaktsvæðinu.
- 55.21 Minnst tvær rásir í stjórnstöðinni skulu tengdar við skynjaravöktun og minnst annar þeirra skal vera tengdur við sívöktun.
- 55.30 Nota skyldi framhjatengi og tengja það við tímaseinkun rásar í stjórnstöðinni.



56 SIV E

Þetta kerfi verður að vera sett upp sem allsherjar skelvöktun ásamt rýmisvöktun og gildruvöktun.



- 56.11 Með skelvöktun verður að vera unnt að skynja:
- Opnun inn-/útgöngudyra, glugga og annarra loka á skelfleti SIV-D vaktsvæðisins sem valið var
 - Þegar brotist er gegnum fasta og hreyfanlega byggingarluta á skelfleti SIV-D vaktsvæðisins sem valið var.
- 56.12 Vakta skal öll rými á SIV-E vaktsvæðinu.
- 56.13 Með gildruvöktuninni verður að vera unnt að vakta notkunarsvæði sem liggur á milli áhættumetnu hlutanna og hugsanlegra inn-/útgönguleiða innbrotsþjófsins.
- 56.20 Stjórnstöðinni skal komið fyrir á vaktsvæðinu.
- 56.21 Minnst þrjár rásir í stjórnstöð skulu tengdar við skynjaraeftirlit og að minnsta kosti einn þeirra skal vera tengdur sívöktun.
- 56.30 Nota skal framhjá tengi og tengja það við tímaseinkun á rás í stjórnstöð.

57 Hlutarvöktun

57.10 Með hlutarvöktun verður að vera unnt að skynja eitt af eftirfarandi:

57.11 A) Snertingu hlutar.

57.12 B) Tilraun til innbrots, t.d. tilraun til að opna hlutinn.

57.13 C) Þegar hluturinn er fjarlægður.

57.20 Stjórnstöðinni skal komið fyrir á vaktsvæðinu ellegar að hafa eigin hlutarvöktun.

57.21 Hlutarvöktun skal tengt við sjálfstæða rás í stjórnstöð.

Ráðlegt getur verið að notast við hlutarvöktun ef hlutur þarf á sérstakri vöktun að halda samkvæmt áhættumati, því hlutarvöktun getur verið í gangi jafnvel þótt önnur vöktun kunnri að hafa verið tekin af verði.

60 Fylgiskjöl

60.10 Í tengslum við afhendingu kerfis skal láta eiganda/notanda kerfisins í té eftirfarandi skjöl á Íslensku:

60.11 Notkunarleiðbeiningar sem gera kleift að stjórna kerfinu með lágmarks mistökum.

60.12 Lýsingar á því sem notanda ber að taka tillit til, t.d. á skynjurum, þannig að óæskilegum boðum megi halda í lágmarki.

60.20 Notkunarleiðbeiningarnar skulu taka tillit til aðgangsheimildar notendanna, sjá kafla 60, Aðgangsstig.

040 UPPSETNING

10 Almenn

- 10.10 Uppsetning kerfisins skal vera svo vel úr garði gerð að virkni þess verði ekki fyrir truflunum frá umhverfinu.
- 10.20 Uppsetningin verður að vera unnin á réttan hátt, bæði hvað uppsetningu búnaðar og tengingingu rafmagns.
- 10.30 Virkni í viðurkenndum búnaði má ekki breyta.
- 10.40 Uppsetning á SIV-kerfi samkvæmt þessum viðmiðunarreglum verður að vera í samræmi við löggjöf hverju sinni.
- Þráðlaus búnaður verður að vera viðurkenndur af fjarskiptaeftirliti.
- 10.50 Búnaður sem notaður er í uppsetningar, m.a. raftaugar og snúrur, skal vera óskemmdur og gallalaus.
- 10.60 Afltenging við rafkerfi verður að vera fasttenging. Sé mögulegt að rjúfa aflfæðingu að kefinu með rofa skal það gert með lykilrofa.
- 10.70 Litir á raftaugum skulu vera breytilegir frá einu kerfi til annars, sé þess nokkur kostur, til að koma megi í veg fyrir skemmdarverk.
- 10.71 Þegar notaður er þráðlaus samskiptabúnaður verður samskipakóði stjórnstöðvar viðjaðarbúnað að vera breytilegur frá einu kerfi til annars.
- 10.80 Tenging við fastlínukerfi boðsendibúnaðar verður að vera staðsett á svæði með rýmisvöktun.
- 10.81 Rafstrengir yfir í fastlínukerfið skulu vera eins stuttir og auðið er og án millitenginga.
- 10.90 Ef ritaðar upplýsingar um kerfið eru fyrir hendi á sama stað og kerfið, skulu þær varðveittar í skáð stjórnstöðvar eða í skáp með ámóta eftirliti gegn skemmdarverkum.
- Ritaðar upplýsingar um kerfið skal varðveita á tryggum stað. Þessum kröfum telst hafa verið fullnægt ef skjölin eru varðveitt í skáp á staðnum sem eftirlit gegn skemmdarverkum (fiktivöktun).

11 Festing kerfiseininganna

- 11.10 Kerfiseiningar skulu festar á ellegar í stöðuga byggingarluta með sínu eigin festiefni.
- 11.11 Þær kerfiseiningar sem standa eiga lægra skulu festar í stöðuga byggingarluta þannig að kerfiseiningar brotni ekki eða skemmist af völdum neins í umhverfinu eða vegna eðlilegrar spennu í byggingarlutanum.
- 11.20 Spennur, klemmur, raftaugafestingar og álíka skulu fest með nöglum/skrúfum. Aðrar kerfiseiningar skulu festar með skrúfum.
- 11.21 Kerfiseiningar á gleri eða viðlíka skulu festar á annan hátt.
- 11.22 Ef raftaugar og pípur eru festar með spennum eða álíka skulu festingarnar vera í samræmi við þvermál taugarinnar/pípunnar og eftirfarandi bil haft á milli þeirra:
- Raftaugar, minnst 5 festingar á hvern metra
 - Plastpípur, minnst 3 festingar á hvern metra
 - Málmpípur, minnst 2 festingar á hvern metra.
- 11.23 Raftaugar má einungis líma upp ef taugarnar og undirstaðan eru til þess fallin.
- 11.24 Ekki er leyfilegt að festa segulrofa með segulmagnanlegu efni.
- 11.30 Skynjarar skulu festir í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, ef ekkert annað er tilgreint.


20 Tengieiningar

21 Raftaugar- og tengi


- 21.10 Raftaugar má hengja upp þannig að þær fylgi byggingarlutunum.
- 21.11 Raftaugar má ekki leggja yfir hvassa byggingarluta.
- 21.20 Raftaugar verða að búa yfir nægilegum styrk sem getur varið einstaka leiðara gegn áhrifum úr umhverfinu, hvort heldur sem er af völdum utanaðkomandi afls ellegar efna.
- 21.21 Raftaugar verða að vera með tvöfaldri einangrun.
- 21.30 Raftaugar skal leggja þannig að tengingar verði í lágmarki.
- 21.31 Einangrun raftauga skal ná inn í tengidósir, skynjara eða annan búnað.
- 21.32 Samtengingar raftauga skulu gerðar með tengjum eða lóðningum.

- 21.40 Raftaugar skulu vera undir fiktvöktun allt fram að tengingu við skynjara.
- 21.41 Raftaugar skulu lagðar með rásarfyrirkomulagi þegar fleirri en einn skynjari er tengdur á sömu rás, eins og sýnt er á myndinni.

Í kerfum með vistföngum er heimilt að nota stjörnutengingu



Rás að skynjara



Rás frá skynjara

- 21.43 Ef um er að ræða búnaðarflokk 2-4 skal endaviðnámi komið fyrir í síðasta skynjara/tengidós rásarinnar.
- 21.44 Ef um er að ræða sýnilega tengingu, skal hún vera varin með tengidós með fiktvöktun.
- 21.45 Undanskildir eru tengiendar á brotþynnum.
- 21.50 Raftaugar skulu festar við eða látnar enda í dós, skynjara ellegar stjörnstöð.
- 21.51 Ekki má vera unnt að lesa litakóða í raftaugum tengdra tækja utanfrá eftir að þeim hefur verið lokað.
- 21.52 Ekki þarf að festa huldar lagnir, en tengidósir skulu vera með fiktvöktun.
- 21.53 Raftaugar, sem eru lagðar utanályggjandi utan vaktsvæða, skulu lagðar í málmpípur.
- Raftaugar, sem eru lagðar í vegg eða í gólf ellegar loft sem enginn hefur aðgang að, teljast vera huldar.
- 21.60 Raftaugar verða að uppfylla kröfur sem gerðar eru til viðkomandi búnaðar.
- 21.70 Velja skal þvermál tauga þannig að spennufall fari ekki undir leyfileg mörk fyrir viðkomandi búnað.

- 21.71 Þvermál tauga í föstum lögnum má ekki vera minna en 0,6 mm.
- 21.72 Nota skal fjölpættar taugar í uppsetningum þar sem taugar eru lagðar af föstum yfir á hreyfanlegan byggingarhluta og þar sem raftaugar hanga lausar og eru á hreyfingu. Þvermál fjölpættra tauga má ekki vera undir 0,6 mm.
- 21.80 Raftaugar úr föstum yfir í hreyfanlega byggingarhluta verður að leggja milli tengidósa.
- 21.90 Raftaug sem lögð er lárétt eða lóðrétt allt að 50 mm yfir gólfi skal varin gegn skemmdum.

22 Tengidósir

- 22.10 Tengidósir skulu vera með fiktvöktun.
- 22.20 Allar tengingar utan búnaðar skulu tengdar í tengidósum.
- 22.30 Nota skal hæfilega stórar tengidósir miðað við fjölda tauga.

30 Skynjarar

31 Almennt

- 31.10 Mismunandi boð frá skynurum skulu koma fram í skynjaranum sjálfum eða stjórnstöð þeirri sem hann er tengdur við.
- 31.11 Ekki má hafa fleiri en 10 skynjara á hverri rás.

Notandi SIV-kerfisins ákveður hvort ljósmerki (merkjagjafi) skynjara skuli vera sýnileg.

Skynjarar sem ekki senda frá sér merki, á borð við segulrofa eða brotþynnur, þurfa ekki að vera útbúnir sérstökum merkjagjöfum.

Merki um fiktviðvörðun eða bilanir geta birst sem hljóðmerki, ef SIV-kerfið hefur verið tekið af verði eða í tengslum við það.

32 Brotþynna

- 32.10 Brotþynna skal gefa boð um brot eða skammhlaup þegar þynnan er hluti af rás tengdri stjórnstöðinni.


Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að brotþynna verður að vera sívöktuð. Brot á brotþynnu má ekki leiða af sér fiktboð.

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

32.20 Brotþynna verður að vera með minnst 10 sm fjarlægð milli hugsanlegra skammhlaupsþunkta.

32.30 Brotþynna verður að enda í tengi sem fest er samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans.

Brotþynnu má ekki leggja frá gleri yfir á gler eða annað efni án þess að notaðar séu endatengi.



Flatarmál glers mest 30 x 30 cm

Mikilvægt er að brotþynna í gluggum með smárúðum og álíka sé ekki lögð yfir gluggalistana.

32.40 Brotþynnu má einungis lagfæra með því að lóða hana.

Forðist að lagfæra og skeyta saman brotþynnu. Ný uppsetning má ekki fela í sér viðgerð á þynnu ellegar samskeytum.

32.50 Brotþynna sem límd er á gler má ekki vera þykkari en 0,01 mm.

32.51 Brotþynna og lím verður að vera þannig úr garði gert að þynnan rifni þegar rúðan springur.

32.60 Þegar brotþynna er sett upp:

32.61 Skal nota tvöfalt úttak á flötum (gleri, spjöldum og álíka) sem hægt er að taka niður og þrýsta inn að utanverðu


32.62 Má nota einfalt úttak á öryggisþrepum I-II á gleri, sem ekki er unnt að taka niður utanfrá og þar sem haft er eftirlit með opnun með öðrum skynjara.

32.70 Brotþynna sem fest er á glerrúður skal vera í sömu stærð og ummál rúðunnar og hana skal festa í eftirfarandi fjarlægð frá brún rúðunnar:

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

- 32.71 Ef rúðan er minni en 1 m², þá milli 7 og 10 sm frá brúninni
Ef rúðan er stærri en 1 m², þá milli 10 og 15 sm frá brúninni.

Kröfurnar eiga ekki við um brotþynnu sem fest er á hert gler með þynnu í.




- 32.80 Brotþynnu á gleri má ekki hylja með sólarfilmu sem límd er á, öryggisþynnu eða álíka.

Forðast skal einfalt úttak ef auðið er. Tvöfalt úttak telst vera hvaða brotþynna sem er með 2 tvöföldum þynnuendarofum, sem festir eru skáhallt horna á milli á rúðuna og eru útbúnir fastri tengingu yfir gluggaramma. Litlar rúður teljast vera vaktaðar ef brotþynnann er sett upp frá úttaki í úttak meðfram langhlið rúðunnar. Hertar rúður, sem ekki eru útbúnar með þynnum, teljast vera vaktaðar ef brotþynnann er sett upp frá úttaki í úttak þvert yfir rúðuna og fjarlægðin frá brún rúðunnar er minnst 7 sm.

- 32.90 Ef brotþynna er sett upp fyrir vöktun á broti á viðkvæmum byggingarluta verður það að gerast í samræmi við eftirfarandi reglur:
- 32.91 Þynnan verður að vera minnst 0,1 mm að þykkt og 10 mm á breidd
- 32.92 Innbyrðis fjarlægð milli brotþynna má ekki vera meiri en 18 sm
- 32.93 Fjarlægðin á milli brotþynnu og fasts byggingarluta má ekki vera meiri en 18 sm.

32 Snertipræðir (snúruofar)


- 33.10 Hægt er að nota snertirofa í þeim tilvikum sem brotþynna og rúðubrotaskynjar henta ekki.



- 33.20 Snertipræðir skulu settir upp í samræmi við eftirfarandi leiðbeiningar:
- 33.21 Innbyrðis fjarlægð á milli þráðanna má ekki vera meiri en 18 sm
- 33.22 Fjarlægðin á milli þráðs og fasts byggingarluta má ekki vera meiri en 18 sm.
- 33.30 Snertipræðir verða að gegna tvöföldu hlutverki á þann hátt að þeir skulu gefa boð þegar strekkist eða slaknar á þráðunum og einnig þegar klippt er í þá.


34 Opnunarskynjari (dyraskynjari)

- 34.10 Skynjara fyrir vöktun á opnunum skal setja þannig að hann gefi boð áður en opnunin verður meiri en 6 sm.
- 34.20 Þegar settur er upp segulrofi í eða á járnsegulmagnað efni verður að nota einungrunar-/fjarlægðarstykki, eins og lýst er í leiðbeiningum frá framleiðanda.




35 Árásarrofi

- 35.10 Árásarrofi skal tengdur við sér rás í stjórnstöðinni.
- 35.20 Einungis er leyfilegt að endurstilla árásarrofa handvirkt eftir að boð hafa komið frá honum.




36 Hreyfiskynjari / rúðubrotsskynjariskynjari

Staðsetning hreyfingar- og rúðubrotsskynjara verður að taka mið af umhverfinu.



Hreyfiskynjari



Rúðubrotsskynjari

Nauðsynlegt er að hafa í huga að skynjara verður að setja upp samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda.
Rúðubrotsskynjarar skulu enn fremur uppfylla sömu kröfur um uppsetningu og lýst var fyrir brotþynnu í 32.61.

- 36.20 Skynjarar skulu vera með fiktvöktun þar sem fylgst er með því hvort þeir eru teknir í sundur, teknir niður eða aftengdir.
- 36.30 Fjöldi strengja sem tengjast skynjara má ekki vera meiri en svo að strengi megi skeyta saman á réttan hátt í skynjaranum.
- 36.40 Hreyfiskynjarar í kerfisflokki 3 skulu gefa boð til stjórnstöðvar ef reynt er að hylja sjónsvið skynjarans (e: antimask).
- 36.41 Ef eitthvað fer fyrir skynjarann má það ekki valda fiktboði.

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

36.50 Ef eitthvað fer fyrir skynjarann skal:

36.51 Notandinn geta tekið af verði

36.52 Einangrað viðkomandi rás

36.60 Ef boð berst vegna þess að örlítið fer fyrir skynjarann skal notandi geta endursett boðið.

Ef tengt er við sjónsviðsvöktunarútgang (e:anti-maskin) skynjarans skal hann vera sívaktaður.


36.70 Ganga verður úr skugga um að rúðubrotaskynjari vinni rétt að uppsetningu lokinni með prófunarbúnaði frá framleiðanda.

36.80 Ef notaður er hljóðrænn rúðubrotaskynjari skal einnig fylgst með því hvort rúðum, sem hægt er að ýta inn eða taka úr að utanverðu, er ýtt inn eða þær teknar úr.

Ef um er að ræða öryggisþrep 3 og 4 er leyfilegt að hafa eftirlit með því hvort rúðum er ýtt inn eða þær teknar úr með því að notast við hreyfingarskynjara með heilum lóðréttum geyslum (e:curtain) ef vöktunargeyslinn er beint fyrir aftan rúðurnar sem vaktaðar eru.

37 Hlutareftirlit


Ekki má vera unnt að lesa úr litamerkingum tauga sem notaðar eru fyrir hlutareftirlit.



Mikilvægt er að hafa í huga að hlutareftirlit krefst öflugrar fiktvöktunar og að allar kerfiseiningar og tengingar í slíkri vöktun verða að tilheyra efsta kerfisflokki.

40 Framhjátengir

40.10 Framhjátengir skal vera tengdur við stjórnstöð.



Vakin er athygli á því að viðurkennd stjórnstöð, sem er með innbyggðan fráhjátengi, verður að nota þennan útbúnað þegar tengt er framhjá. Aðrar tegundir af framhjátengingu eru ekki leyfilegar.


40.20 Fylgst skal með því að framhjátengir sé ekki tekinn í sundur né aftengdur með fiktvöktun.

Innbyggða fiktvöktunin skal tengd með strekktum leiðurum, þannig að tilraun til að fjarlægja framhjátenginn rjúfi fiktvöktunarbúnaðinn.

40.30 Ef framhjátengingu er með tímaseinkun, má seinkunin ekki vera lengri en 45 sekúndur.

50 *Lyklahylki*


50.10 Eftirlit skal haft með því að SIV-lyklahylki sé ekki opnað, tekið í sundur og aftengt.



Lyklar í SIV-lyklahylkjum skulu aðeins geta opnað aðgangsléiðir að vöktuðum svæðum.

60 *Merkjagjafi*

Staðsetning, tenging og notkun merkjagjafa skal vera í samræmi við gildandi lög.



70 *Stjórnstöð*

70.10 Fiktvöktun skal tryggja að ekki sé hægt að taka stjórnstöðina í sundur né opna hana án viðvörðunar.

70.20 Fjöldi tengdra strengja í stjórnstöðinni má ekki vera meiri en svo að auðvelt sé að tengja þær á réttan hátt.

70.30 Einangrun svæða eða rása skal gerð í stjórnstöðinni

70.31 Einangrun má einungis eiga sér stað með réttri aðgangsheimild. (lykill, kóði,kort)

80 Boðflutningsbúnaður

80.10 Boð til frá stjórnstöð til vakstmiðstöðvar skal a.m.k. greinast í, innbrotboð, bilunarboð og netspennuviðvörðun.

80.20 Boðsendir skal vaktaður sem um stjórnstöð sé að ræða.

Mikilvægt er að hafa í huga að boðflutningsbúnaður verður að vera jafn vel vaktaður gegn innbrotum og stjórnstöð. Staðsetning og uppsetning boðflutningsbúnaðar skal valin samkvæmt sömu reglum og gilda fyrir stjórnstöðina.

050 KERFISEININGAR

10 Grundvöllur fyrir samþykki

10 Almennt

- 10.10 Hér á landi er engin stofnun eða aðili til sem getur samþykkt kerfiseiningar. Því skal eins og hægt er styðjast við erlendar samþykktir sem styðjast við þá staðla sem taldir eru upp í leiðbeiningum þessum. Kerfiseiningar þurfa að uppfylla lágmarkskröfur viðmiðunarreglnanna um:
- 10.11 Hlutverk (virkni)
- 10.12 Uppbyggingu (framkvæmd)
- 10.13 Umhverfiskröfur (starfshæfni og áreiðanleiki í nánar skilgreindu starfsumhverfi)
- 10.14 Öryggi gegn skemmdarverkum
- 10.15 Gæði hugbúnaðar.

11 Flokkun

- 11.10 Viðurkenndir kerfishlutar, sem prófaðir hafa verið í samræmi við lið 10.10 skulu, eins og hægt er, flokkaðir í 4 búnaðarflokka (flokka skal búnað í samræmi við EN staðla þegar þeir verða tilbúnir).
- Flokkur 4 er valinn er áhættan ef mjög mikil.
 - Flokkur 3 er valinn er áættan ef mikil.
 - Flokkur 2 er valinn ef áhættan telst eðlileg.
 - Flokkur 1 er valinn ef áhættan telst lítil.

Búnaðarflokkarnir eru valdir í tengslum við öryggisþrepin á eftirfarandi hátt:

	Öryggisþrep					
	I	II	III	IV	V	VI
Búnaðarflokkur 4	X	X	X	X	X	X
Búnaðarflokkur 3	X	X	X	X	X	X
Búnaðarflokkur 2	X	X	X			
Búnaðarflokkur 1	aðeins valinn til einkanota					

20 Samþykki

21 Samþykki kerfiseininga

21.10 Hér á landi er engin stofnun eða aðili til sem getur samþykkt kerfiseiningar. Sá aðili sem velur búnaðinn (t.d. hönnuður) skal ganga úr skugga um, eins og hægt er, að búnaðurinn uppfylli fyrirskrifaðar kröfur.

22 Tilkynning um samþykki kerfiseiningar

22.10 Hér á landi er engin stofnun eða aðili til sem hægt er að tilkynna um samþykki kerfiseininga.

23 Samþykkistímabil

23.10 Einungis er gengið úr skugga um hæfni búnaðar í hverju verki fyrir sig. Það leiðir ekki af sér sjálfvirkt samþykki í næsta verki né eitthvert tímaháð samþykki.

24 Samþykkt prófunarrannsóknarstofa

24.10 Í grein 24.11 eru taldar upp prófunarstofur sem að öllu jöfnu skulu hafa samþykkt kerfiseiningar.

24.11 Þar til staðfestar hafa verið evrópskar samþykktarreglur fyrir rannsóknarstofur er einungis unnt að viðurkenna eftirfarandi stofur:

- DELTA- Elektroniktest, Danmörku
- DNV - Det Norske Veritas, Noregi
- LPC – Loss Prevention Council, Englandi
- SP - Sveriges Provnings- och Forskningsinstitut, Svíþjóð
- TPL - Teleprøvningslaboratoriet ved Teledanmark, Danmörku
- VdS - Verband der Schadenversicherer e.V., Þýskalandi.

25 Viðurkendur boðflutningsbúnaður

Hér á landi er engin stofnun eða aðili til sem getur samþykkt boðflutningsbúnað. Hafa skal samþykktir Brunamálastofnunar til hliðsjónar þegar meta á boðflutningsbúnaði.

30 Upplýsingablað fyrir kerfiseiningar

30.10 Ekkert staðlað upplýsingablað er til að svo stöddu.

060 AÐGANGSSTIG

10 Almenn

- 10.10 SIV-kerfið skal þannig úr garði gert að notandi sem hefur nægjanlega aðgangsheimild geti stjórnað því án þess að villur verði þegar kerfi er sett á vörð eða tekið af vörð.
- 10.11 Að setja kerfi á vörð eða taka af vörð að hluta til er leyfileg.

20 Aðgangsstig

- 20.10 Óháð því hver útbúnaðarflokkurinn er skulu vera 4 aðgangsstig, sem takmarka aðganginn að aðgerðum SIV-kerfisins.
- 20.11 Aðgangsstig 1: Aðgangur fyrir alla.
Aðgerðir sem eru mögulegar á aðgangsstigi 1 eru ekki háðar neinum aðgangstakmörkunum.
- 20.12 Aðgangsstig 2: Aðgangur fyrir alla notendur kerfisins.
Aðgerðir sem hafa áhrif á ástand SIV-kerfisins án þess að breyta virkni þess.
Aðgangur að aðgerðum sem eiga að vera tiltækar fyrir aðgangsstig 2 eða aðgangur að upplýsingum sem eiga að vera sýnilegir fyrir notanda með aðgangsstig 2 skal vera takmarkaður með lykli eða rofa sem stjórnað er með kóðalás, lás eða álíka.
Lyklar og kóðalásar fyrir aðgangsstig 2 mega ekki veita aðgang að aðgangsstigum 3 og 4.
- 20.13 Aðgangsstig 3: aðgangur fyrir þjónustuaðila SIV-kerfa
Aðgerðir sem hafa áhrif á virkni SIV-kerfisins, m.a. upplýsingar um kerfið sjálf.
Aðgangur að aðgerðum sem eiga að vera tiltækar fyrir aðgangsstig 3 eða að upplýsingum sem eiga að vera sýnilegar fyrir aðgangsstig 3, skal vera takmarkaður með lykli eða rofa sem stjórnað er með kóðalás, lás eða álíka.
Lyklar og kóðalásar fyrir aðgangsstig 3 mega ekki veita aðgang að aðgangsstigi 4.
- 20.14 Aðgangsstig 4: aðgangur fyrir framleiðanda og/eða innflytjanda.
Aðgangsheimild til að breyta hugbúnaði og eða forriti kerfis .
Aðgangur að aðgerðum sem eiga að vera tiltækar fyrir aðgangsstig 4 eða að upplýsingum sem eiga að vera sýnilegar fyrir aðgangsstig 4, skal vera takmarkaður með lykli eða rofa sem stjórnað er með kóðalás, lás eða álíka.
- 20.20 Aðgangur að aðgangsstigum 3 og 4 fæst ekki, nema sérstakt leyfi sé veitt af notanda með aðgangsheimildina 2.

Aðgangur að aðgangsstigum 2, 3 og 4 getur fengist vegna fjar-stjórnunar en er þeim skilyrðum háður að nauðsynleg leyfi séu fyrir hendi. Tiltækum notkunar- og stjórn- aðgerðum fyrir hvert aðgangsstig er lýst í töflu 1.

20.40 Tafla 1: Aðgangsstig

Tafla 1: Aðgangsstig				
	Aðgangsstig			
Aðgerð	1	2	3*	4*
Kerfi sett á vörð	-	L	L	-
Kerfi tekið af verði	-	L	L	-
Endurstilling kerfis	-	L	L	-
Aðgangur að upplýsingum frá kerfi	-	L	L	-
Heimild til að lesa atburðaskrá	-	L	L	-
Einangrun rása eða svæða	-	L	L	-
Bæta við/breyta notendakóðum	-	L	L	L
Bæta við/breyta upplýsingum í kerfi	-	-	L	-
Breyta/skipta um grunnforrit	-	-	-	L
- = Óleyfilegt, L = Leyfilegt, * = Leyft með heimild frá aðgangsstigi 2				

30 Heimild

30.10 Aðgang skal takmarka til að vinna aðgerðir í SIV-kerfinu með notkun heimildarkóða eða með öðrum sambærilegum aðferðum eins og sýnt er í töflu 2.

Eigandi SIV-kerfisins hefur fullt yfirráð yfir heimildum. Eigandinn/notandinn getur veitt öðrum þessi yfirráð.

30.20 Tafla 2: Krafa um heimildarlykilorð

Tafla 2: Krafa um breytileika notendakóða.				
Aðgangsstig 2,3 og 4	Útbúnaðarflokkur			
	1	2	3	4
Notandakóði	1.000	10.000	100.000	1.000.000
Raunveruleg lykilstýring.	300	3.000	15.000	100.000

40 Kerfi sett á vörð, tekið af verði.

- 40.10 Í SIV-kerfinu verður að vera fyrir hendi útbúnaður sem takmarkar aðgang að því að setja kerfi á vörð og taka af verði gagnvart notendum sem hafa til þess nauðsynlega heimild.
- 40.11 Notendur sem hafa nauðsynlega heimild til að setja SIV-kerfið á vörð og taka af verði eiga að geta gert svo þannig að lítil hættu sé á rangri notkun.

41 Á vörð.

- 41.10 Svo fremi SIV-kerfið er í eðlilegu ástandi, skal vera hægt að setja kerfið, eða hluta af því, á vörð ef nægileg heimild er fyrir hendi.
- 41.20 Upplýsingar skulu koma frá kerfinu um að kerfið, eða hluti þess, er komin á vörð á eðlilegan hátt. Hvernig þetta gerist fer eftir því hver útbúnaðarflokkurinn er.
- 41.21 Upplýsingarnar skulu takmarkast við tímann: 180 sekúndur.
- 41.30 Ekki er leyfilegt að setja SIV-kerfið á vörð fyrr en allir skynjarar eru í eðlilegu ástandi (ekki í boðstöðu).
- 41.31 Ef SIV-kerfið inniheldur skynjara, þar sem hægt er að hefta skynjunarsvið þeirra meðan ásetning á sér stað. Þá skal slík aðgerð hindra að upplýsingar berist um að kerfið sé komið á vörð, innan tímasviðs, meðan hindrunin er til staðar.

42 Á verði.

- 42.10 Þegar SIV-kerfið er komið á vörð, skal aðgangur um inngangs og útgangsléiðir að svæðinu, sem vaktuð er, hindraður. Að öðrum kosti verður að sýna vísun um það.

43 Af verði.

- 43.10 Það á við um alla útbúnaðarflokka að hægt verður að taka af verði ef nægileg heimild er til staðar.
- 43.20 Ef SIV-kerfi er tekið af verði á svæði sem vaktuð er, skal vera fyrir hendi vel skilgreind aðgangsléið frá inngöngustað að stjórneiningu SIV-kerfisins.
- 43.21 Hafi rétt léið verið farin, má einungis tefja viðvörðun frá skynjurum á inngönguleiðinni til að heimila aðgang að stjórneiningu SIV-kerfisins.
- 43.30 Tíminn sem gefst til að taka kerfi af verði frá má alls ekki vera lengri en 45 sekúndur.
- 43.31 Ef ekki er búið að taka kerfi af verði endanlega innan þessa tiltekna tíma, verður að líta á það sem viðvörðunarástand.

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

- 43.32 Upplýsingar um að búið sé að taka kerfi af verði má í mesta lagi vera gefin til kynna í 30 sekúndur.
- 43.40 Ef viðvörðunarástand skapast, í tengslum við að kerfi sé tekið af verði, skal það gefið til kynna eða birt með staðbundnum merkjasgjöfum.
- 43.41 Ef SIV-kerfið er útbúið viðvörðunar boðbúnaði má ekki senda viðvörðunarmerki fyrr en viðvörðunarmerki og/eða staðbundin merki hafa verið í gangi í minnst 30 sekúndur.
- 43.42 Viðvörðunarsendinguna ber að senda áður en 60 sekúndur eru liðnar.

50 Endurstilling eftir innbrotaviðvörðun

- 50.10 SIV-kerfið verður að vera útbúið nægilegum útbúnaði til að hægt sé að setja SIV-kerfið eða hluta þess á vörð að nýju eftir að innbrotsviðvörðun hefur hefur átt sér stað.
- 50.11 Aðgangsheimild til endurstillingar skyldi takmörkuð við notendur með aðgangsheimildina 2.
- 50.12 Leyfilegt er að setja SIV-kerfi á vörð með utanaðkomandi fjarstjórnun, óháð útbúnaðarflokki, svo fremi þetta sé gert með aðgangsheimild 2, ef nauðsynlegar upplýsingar um ástæðu viðvörðunarinnar eru fyrir hendi.

60 Endurstilling eftir fiktviðvörðun

- 60.10 SIV-kerfið verður að vera útbúið nægilegum útbúnaði til að hægt sé að setja SIV-kerfið eða hluta þess á vörð á nýjan leik eftir að fikviðvörðun hefur farið í gang.
- 60.20 Eftir að boð hafa borist um fiktviðvörðun, skal vera unnt að setja SIV-kerfið á vörð með eftirfarandi aðgangsstigum:
- 60.21 Útbúnaðarflokkar 1 og 2: Aðgangsstig 2
- 60.22 Útbúnaðarflokkar 3 og 4: Aðgangsstig 3

70 Aðrar aðgerðir

- 70.10 SIV-kerfið kann að fela í sér útbúnað sem gerir kleift að vinna aðrar aðgerðir, sem ekki er getið um í þessum leiðbeiningum.
- 70.20 Aðrar aðgerðir, sem ekki hafa áhrif á meðferð viðvörðunarmerkja ellegar skilaboða, mega þeir einir framkvæma sem hafa til þess tilskilda aðgangsheimild.
- 70.30 Aðrar aðgerðir, sem hafa beint eða óbeint áhrif á aðgerðir SIV-kerfisins, mega þeir einir framkvæma sem hafa aðgangsheimild 3.

070 STAÐFESTING VIÐVÖRUNAR

10 Almenn

- 10.10 Ef innbrot á sér stað skiptir öllu að bregðast hratt og markvisst við, eigi að vera unnt að bjarga verðmætum, sem varðveitt eru á tryggum vöktuðum svæðum.
- 10.20 Til þess að unnt sé að ákveða í vaktmiðstöð í hvaða forgangsörð aðgerðir skuli unnar í tengslum við innbrot, verður vaktmiðstöðin að búa yfir nægilegum upplýsingum um svæðið sem vaktað er. Þetta er unnt að tryggja með því að notast við aðferð sem staðfestir og rökstyður líkurnar á því að um innbrot sé að ræða.
- 10.30 Ein aðferðin til að staðfesta innbrotsviðvörðunarkerki getur verið að útbúa SIV-kerfið á þann hátt að tryggt sé að vaktmiðstöðinni berist upplýsingar frá fleiri en einum óháðum skynjara, hverjum á fætur öðrum. Önnur aðferð er að notast við viðbótarupplýsingar á borð við myndir úr myndgæslukerfum eða með aðstoð hljóða sem berast frá staðnum.

20 Staðfesting viðvörðunar frá SIV-kerfinu

21 Hönnun.

- 21.10 Innbrotsviðvörðunarkerki telst hafa verið staðfest ef SIV-kerfið móttækur innbrotsviðvörðun frá minnst tveimur óháðum skynjurum innan 60 mínútna. Þessu má stjórna með því hvernig skynjarar eru tengdir við stjórnstöð kerfisins. Á þann hátt er mögulegt að greina í stöðinni á milli innbrotaviðvörðunarkerkja frá:
- 21.11 Einum stökum skynjara eða
- 21.12 Úr hópi skynjara.
- 21.20 Skynjarana má ekki staðsetja þannig að svæðin sem vakta á skarist.

Þegar vörn er hönnuð í rými með tveimur skynjurum, skal miða hönnun við að einn af skynjurunum hafi rýmisvöktun og hinn skynjarinn hafi sjónsvið eins og gluggatjald eða teppi.

22 Sameiginleg staðfesting

- 22.10 Innbrotsviðvörðun frá tilteknu svæði telst hafa verið staðfest, ef vaktsvæði hefur verið hannað og skynjarar settir upp þannig, að ef hreyfingar verður vart frá einni loku til annarrar eða frá rými til rýmis, þá berist innbrotsviðvörðun frá að minnsta kosti:
- 22.11 Tveimur óháðum skynjurum á svæðinu ellegar
- 22.12 Einum skynjara á svæðinu og minnst öðrum í skelvörninni sem umlykur svæðið.

23 Stök staðfesting

- 23.10 Innbrotsviðvörðun úr tilteknu rými eða svæði telst hafa verið staðfest, ef SIV kerfið hefur verið hannað og sett upp þannig að skynjarar sem notaðir eru til staðfestingar eru tengdir við sitt hvora rásina, eða þeir hafi sitt hvort vistfangið, og ef innbrotið leiði af sér innbrotaviðvörðun frá að minnsta kosti:
- 23.11 Tveimur aðgreindum skynjurum í rýminu eða
- 23.12 Einum skynjara í rýminu og minnst einum öðrum skynjara í skelvörninni sem umlykur rýmið.

24 Boðflutningur

- 24.10 Staðfest innbrotsviðvörðun er unnt að flytja yfir í vaktmiðstöðina sem:
- 24.11 Stakar upplýsingar um innbrotsviðvörðun frá minnst tveimur rásum eða
- 24.12 Frá minnst tveimur vistföngum í SIV-kerfi sem ræður við vistföng eða
- 24.13 Sameiginlegar upplýsingar um innbrotsviðvörðun sem berst sem eitt merki, en þetta þýðir að minnst tveir óháðir skynjarar hafi gefið boð á innan við 60 mínútum eða,
- 24.14 Tvö eða fleiri boð um innbrotaviðvörðun berist frá mismunandi skynjurum eða skynjararásum.

30 Staðfesting viðvörðunar frá öðrum kerfum.

- 30.10 Viðvörðunar má staðfesta bæði sem innbrotsviðvörðun úr SIV-kerfi og sem viðbótar upplýsingar, svo sem myndir eða hljóð frá staðnum sem vaktaður er.
- 30.20 Ef vaktmiðstöðin getur ekki mótttekið upplýsingar í formi mynda eða hljóðs úr viðvörðunarkerfum, þar sem innbrotsviðvörðun barst frá SIV-kerfi, þá skyldi vaktmiðstöðin bregðast við á sama hátt og ef um staðfest viðvörðunarmerki væri að ræða.

Nú móttækur vaktmiðstöð staðfesta viðvörðun frá kerfi þar sem búist er við viðbótarupplýsingum í formi mynd eða hljóðs, en slíkar upplýsingar berast ekki og er því ekki hægt að útliloka eða staðfesta viðvörðunina með þessum upplýsingum. Þá skal meðhöndla viðvörðunina og bregðast við eins og um staðfesta viðvörðun sé að ræða. Skortur á viðbótarupplýsingum getur verið afleiðing skemmda á búnaði, að yfirlögðu ráði, í tengslum við innbrot

40 Vaktmiðstöð.

40.10 Ef vaktmiðstöðinni á að vera kleift að ganga úr skugga um hvort viðvörðunarkerki hefur verið staðfest, skal koma skýrt fram í viðbragðs fyrirmælum vaktmiðstöðvarinnar hvernig viðvörðunarkerki eftir innbrot skuli staðfest í SIV-kerfinu sem um ræðir.

Upplýsingar um staðfestingu viðvörðunarboða til vaktmiðstöðvarinnar skulu koma fram í hönnunargögnum SIV kerfisins.

080 TÆKNIBÚNAÐUR

Þessi kafli leiðbeininganna á við um SIV-kerfi, þar sem notaðar eru kerfiseiningar á borð við skynjara, sem ekki teljast vera starfandi hluti af innbrotaviðvörðunarkerfis.

Skilyrði þess að unnt sé að nota SIV-kerfið til að fylgjast með tæknilegu ástandi er að viðvörðunareining kerfisins skerði ekki rétta virkni þess eða öryggisþrep.

Með þessu er átt við skynjara sem tengdir eru SIV-kerfi í öðrum tilgangi en þeim að skynja innbrot, s.s. vatnsleka, hita- og rakabreytingar, spennufall eða straumrof.

10 *Almennt*

- 10.10 Ef skynjarar eru tengdir SIV-kerfi má tengingin á engan hátt skerða rétta virkni þess né lækka öryggisþrep það sem kerfið er hluti af.
- 10.11 Tækniskynjarar skulu tengdir við sérstaka hópstraumrás.
- 10.20 Tækniskynjara má einungis tengja við SIV-kerfið með spennulausum rofa.
- 10.30 Spennulausi rofinn myndar jaðarflöt á milli SIV-kerfisins og tækniskynjara.
- 10.31 Fara skal eftir öllum reglum, skv. leiðbeiningum þessum, varðandi áætlanagerð og uppsetningu innan jaðarflata SIV-kerfisins.

20 *Skilgreiningar*

21 *Almennt hugtakasafn*

- 21.10 Rafmagns jaðarflötur
 - Skil á milli SIV-kerfis og tækniskynjara.
- 21.20 Spennulaus rofi
 - Rofar, þar sem engin rafmagnsspenna er fyrir, t.d. rafliðarof.
- 21.30 Tækniviðvörðunarmerki
 - Viðvörðunarástand í tækniviðvörðunarstraumrás.
- 21.40 Tækniskynjari
 - Skynjari, sem er tengdur SIV-kerfinu í öðrum tilgangi en að skrá innbrot eða innbrotstilraun.

30 Merki

31 Tækniviðvörðunarástand.

- 31.10 Tækniviðvörðunarástand skal gefið til kynna sem aðskilin tækniviðvörðun, auk þess a.m.k. eitt eftirfarandi atriða:
- 31.11 - Fjarlæg tækniviðvörðun
- 31.12 - Staðbundin tækniviðvörðun
- 31.13 - Viðvörðun til að vekja athygli.
- 31.20 Tækniviðvörðun má einungis birtast sem sameiginleg viðvörðun, hafi hún ekki verið merkt sem „innbrotsviðvörðun“.

40 Merkjasetningar

- 41.10 Viðvörðunarpplýsingar um tækniviðvörðunarástand má í engum tilvikum hafa í för með sér seinkun eða hættu á að gefið verði rangt innbrotsviðvörðunarkerfi.

50 Orkugjafi

51 Almennt

- 51.10 Tækniskynjarar mega einvörðungu fá orku frá SIV-kerfinu með aðskildum orkugjafa.
- Kröfum um aðskilinn orkugjafa hefur verið fullnægt ef notað er sérstakt tengi með sérstöku öryggi úr straumgjafanum.
- 51.20 Tækniskynjarar, sem háðir eru rafmagnsorkugjafa til þess að þeir virki rétt, skulu gefa frá sér tækniviðvörðunarkerfi, ef gæði orkugjafans skerðast, þannig að rétt virkni skynjarans sé í hættu.

60 Stjórnun tæknilegra uppsetninga

61 Fjarstýring

Stjórnmerki fyrir tæknilegar uppsetningar, sem t.d. eru send úr stjórnstöð, mega ekki hafa áhrif á virkni SIV-kerfisins.

090 NOTKUN EFTIRLITSMYNDAVÉLA

Formáli

Markmið þessara leiðbeininga er að láta ráðgjöfum, notendum, uppsetningaraðilum, og tryggingarfélögum í té hagnýtar upplýsingar sem nýta má við hönnun og uppsetningu á EM-kerfum (Eftirlitsmyndavélakerfum) sem notuð eru með eða án SIV-kerfa.

Tilgangur með notkun EM-kerfis er m.a. að auka yfirsýn, til að staðfesta boð frá SIV-kerfum, þannig að starfsmenn í stjórnstöð geti metið hvaða aðgerða beri að grípa til hverju sinni á þeim stað sem kerfið vaktar, þar sem að öllum líkindum hefur verið framið innbrot. Þetta er gert með því að senda myndir, eftir að viðvörðunarmeri hefur borist, til stjórnstöðvar til að auðvelda mat á aðstæðum og orsökum viðvörðunar.

Annar tilgangur EM-kerfis er almennt eftirlit með upptöku, gjarnan allan sólarhringinn, til að með vafasömum athöfnum og til að auðvelda ulljósturn þeirra. Ekki síður eru slík kerfi ætluð til að fæla fólk í annarlegum hugleiðingum frá vafasömum aðgerðum.

Tilvísanir

EN 50132 Alarm systems, CCTV surveillance systems for use in security applications:

- Part 1 System requirements
- Part 2-1 Black and white cameras
- Part 2-2 Colour cameras
- Part 2-3 Lenses
- Part 2-4 Ancillary equipment
- Part 3 Local and main control unit
- Part 4-1 Black and white monitors
- Part 4-2 Colour monitors
- Part 4-3 Recording equipment
- Part 4-4 Hard copy equipment
- Part 4-5 Video motion detection equipment
- Part 5 Video transmission
- Part 7 Application guidelines

(Að undanskildum hluta 2-1 og hluta 7 eru aðrir staðlar enn í vinnslu í vinnuhóp 7 (WG 7) hjá tækninefnd CENELEC TC 79, Alarm systems).

Skilgreiningar

EM

Eftirlitsmyndavélakerfi þar sem unnt er að taka upp myndefni

S-SIV

Staðfest SIV-kerfi

SIV-kerfi

Sjálfvirkt innbrotsviðvörðunarkerfi

VCR Video cam recorder

Myndbandstæki

Hönnun

EM-kerfi sem skipulögð eru í tengslum við SIV-kerfi ættu að vera í samræmi við EN 50143 Alarm systems, CCTV surveillance systems for use in security applications, Part 7, Application guidelines og einnig í samræmi við kafla 070 (Viðvörðunarstaðfesting) í þessum leiðbeiningum.

EM-kerfi er unnt að nota til að staðfesta með viðvörðunarmerki á öryggisþreppunum I-III.

EM-kerfi, sem tengt er SIV-kerfi ætti fyrst og fremst nota á þeim stöðum á svæðinu sem eftirlit er haft með, þar sem búast mætti við að óviðkomandi fólk staldraði við.

Staðsetning myndavéla í EM-kerfi sem ekki eru sérstaklega í tengslum við SIV-kerfi ættu að vera staðsettar þar sem sýnt að þær þjóni best tilgangi sínum. Ráðgefandi um staðsetningar eru m.a. hönnuðir, fyrirtæki í öryggisþjónustu og rannsóknarlögregla.

Lýsing

Kerfið skal vera þannig upp sett að nægileg lýsing sé fyrir hendi fyrir myndbandsupptökuvélina til þess að unnt sé að taka viðunandi myndir.

EM-kerfi sem tengt er SIV-kerfi ætti að vera komið fyrir þannig að kerfið geti sent frá sér fyrstu nothæfu myndina ekki seinna en 10 sekúndum eftir að EM-kerfið fór í gang.

Sending

Miðað er við að sending fyrstu nothæfu myndarinnar eigi sér stað innan 60 sekúndna.

Myndirnar ætti að vera unnt að uppfæra á 10 sekúndna fresti í stjórnstöðinni.

Myndupplausn

EM-kerfi ætti að vera komið fyrir þannig að hægt sé að ganga úr skugga um það, án nokkurs vafa, hvort mannvera haldi sig á svæðinu sem eftirlit er haft með.

Skemmdarverka- og skekkjueftirlit

Ef EM-kerfið býr ekki yfir útbúnaði sem gerir kleift að fylgjast með skemmdarverkum eða skekkjum, þá er hægt að tengja slíkan útbúnað við SIV-kerfið samkvæmt fyrirmælum í kafla 190 í þessum leiðbeiningum, Tæknikerfi.

Uppsetning

EM-kerfi ætti að vera sett upp í samræmi við kerfisáætlanagerðina og samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans.

Þjónusta

Reglubundið eftirlit með EM-kerfinu er nauðsynlegt í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans.

Eftirlit fari fram ekki sjaldnar en einu sinni á ári og í því ætti að felast:

- Prófun á notkunarsvæði upptökuvélarinnar og stilling í samræmi við EN 50132-7.
- Prófun á sendingarkerfi sem notað er við sendingar á myndbandsmyndum.

Þegar notað er myndbandstæki, sjónvarpsskjár eða álíka búnaður getur verið nauðsynlegt að hafa tíðara eftirlit.

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

100 Uppsetningarumsögn

<p>1996</p> <p>100.00</p>	
<p>10. Eigandi/ notandi kerfisins</p>	<p>11. Nafn: Heimilisfang: Póstnúmer: Staður: Vinna: <input type="checkbox"/> Einka: <input type="checkbox"/></p>
<p>20. Upplýsingar um kerfið</p>	<p>21. Öryggisþrep <input type="checkbox"/> I <input type="checkbox"/> II <input type="checkbox"/> III <input type="checkbox"/> IV <input type="checkbox"/> V <input type="checkbox"/> VI tilgreint af eiganda/notanda.</p> <p>22. Kerfið er sett upp í samræmi við gildandi SI-reglur Skafors <input type="checkbox"/></p> <p>23. SI NÚMÉR <input type="text" value="212 -"/></p> <p>24. Annað: skv. <input type="checkbox"/> instaklingsbundnum kröfum og mati tryggingarfélagins <input type="checkbox"/> UDV: Klokke ??? <input type="checkbox"/> skv. eiganda/notanda kerfis án tryggingarkrafna <input type="checkbox"/> Hlutaeftirlit</p> <p>25. Eftirlit m.t.t. SKAFOR 212.120 Árleg þjónusta <input type="checkbox"/> Full þjónusta og viðhald <input type="checkbox"/></p> <p>26. Ný uppsetning <input type="checkbox"/> Breyting á kerfi <input type="checkbox"/> Stækkun á kerfi <input type="checkbox"/> Tekið við kerfi <input type="checkbox"/></p> <p>27. Kerfið er með dags: _____ eftirfarandi uppsetningarvið: AIA AIA AIA AIA AIA A <input type="checkbox"/> Fjöldi B <input type="checkbox"/> Fjöldi C <input type="checkbox"/> Fjöldi D <input type="checkbox"/> Fjöldi E <input type="checkbox"/> Fjöldi</p> <p>28. Viðvörðunarsending: Án <input type="checkbox"/> eftirlits Með <input type="checkbox"/> eftirliti <input type="checkbox"/> Með auðkenningu</p>
<p>30. Undirskrift og stimpill</p>	<p>31. SI-uppsetningaraðili Skafor m. <input type="text" value="212 -"/> staðfestir að ofangreindar upplýsingar um uppsetningu séu sannar.</p> <p>32. Stimpill: _____ Undirskrift</p> <p>33. Stimpill: E.t.v. þjónustumiðstöð</p>
<p>40. Skoðun og rekstur</p>	<p>41. Undirritaður skuldbindur sig til: - að leiðbeina starfsmönnum sínum um rétta notkun kerfisins þannig að óþarfar viðvaranir verði í lágmarki. - að halda kerfinu í nothæfu ástandi, m.a. með því að láta SI-uppsetningaraðila hafa eftirlit með því, sbr. lið 25. - að tilkynna skökkjur strax til SI-uppsetningaraðilans. - að geta sýnt fram á að viðurkenndur SI-uppsetningaraðili hafi eftirlit með kerfinu. - að tilkynna tryggingafélaginu ef kerfið er ekki í notkun - að tryggja að notkunarsviðið og starfshæfni kerfisins skerðist ekki þótt breytingar séu gerðar á byggingum. - að uppfæra fyrirmælin fyrir stjórnsýslu.</p> <p>Ég geri mér grein fyrir því að bætur tryggingarfélagsins kunna að verða lægri en ella ef kerfið hefur ekki verið í nothæfu ástandi, sbr. skilmála tryggingarfélagsins.</p> <p style="text-align: right;">Dagssetning Undirskrift eiganda/notanda</p>
<p>40. Sent til</p>	<p>51. SI-uppsetningaraðila ber að senda umsögnina til: Skafor <input type="checkbox"/> tryggingarfélagsins E <input type="checkbox"/> nda/notanda kerfisins <input type="checkbox"/></p>

Leiðbeiningar um útfyllingu SIV-uppsetningarumsagnar

00 Tryggingarfélag

- 00.10 Hafi SIV-kerfið verið sett upp í tengslum við tryggingarsamning við eitt þeirra fyrirtækja sem gert hefur verið samkomulag við skal tilgreina heiti tryggingarfélagsins. Í öðrum tilvikum skyldi einnig upplýsa um heiti tryggingarfélagsins.
- 00.11 Þegar upplýsingar hafa verið veittar um félagið sendir F&P blátt afrit uppsetningarumsagnarinnar áfram til viðeigandi tryggingarfélags.

10 Eigandi/notandi kerfis

- 11 Nafn og heimilisfang
Upplýsingar um nafn og heimilisfang eiganda eða notanda kerfisins og heimilisfangið þar sem kerfið var sett upp.
- 11.11 Krossið í viðeigandi reit til að gefa til kynna hvort kerfið er sett upp í fyrirtæki eða á einkaheimili.

20 Kerfisupplýsingar

21 Öryggisþrep

- 21.10 Tilgreina skal öryggisþrep tryggða svæðisins. Ef í einni uppsetningu koma fyrir mörg öryggisþrep, skyldi tilgreina þau öll.
- 21.11 Viðskiptavinur getur upplýst SIV-uppsetningaraðilann um öryggisþrepið, eða þá tryggingarsalinn eða annar sem haft er samband við í tryggingarfélaginu.
- 21.12 Ef uppsetningarinnar er getið getið í tryggingarsamningi, skal tilgreina öryggisþrepið með hliðsjón af uppsetningarsviðinu sem tilgreint er í reit 27.

22 Uppsetning í samræmi við gildandi reglur F&P

- 22.10 Hægt er að krossa í viðeigandi reit til að tilgreina að kerfið hafi verið sett upp í samræmi við SIV-viðmiðunarreglurnar og að einungis hafi verið notaðar kerfiseiningar samþykktar eða skráðar hjá Skafor í samræmi við tryggingarþrepið sem við átti.
- 22.11 Uppsetningargrunnurinn skyldi tilgreindur með því að merkja við í reitnum 22 og/eða 24.

23 Stjórnstöð

- 23.10 Stjórnstöð, sem notað er, er tilgreint með því að upplýsa um staðfestingarnúmerið sem birtist í kaflanum “Staðfestar kerfiseiningar”. Stjórnstöð skal vera í samræmi við efsta öryggisþrepið sem tilgreint er í reit 21.

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

- 23.11 Hafi uppsetningin verið unnin fyrir 1989 og hafi í uppsetningunni verið notast við tjórnstöð, sem á þeim tíma var samþykkt en ekki er lengur hægt að láta bera samþykktarnúmer, skal tilgreina tegundina hér.
- 23.12 Sama máli gegnir ef notuð hefur verið stjórnstöð sem samþykkt er af Skafor.

24 Uppsetning í samræmi við sértækar kröfur tryggingarfélagsins

- 24.10 Hægt er tilgreina með krossi að uppsetningin hafi verið framkvæmd í samræmi við kröfur tryggingarfélagsins eða kröfur eiganda/notanda kerfisins.
- 24.11 Enn fremur er unnt að tilgreina með krossi hvort settur hafi verið upp ytri hljóðgjafi á borð við klukku og/eða hlutarefirlit. Með þessu er m.a. átt við jarðskjálftaskynjara við einingu sem verðmæti eru varðveitt í.

25 Eftirlit

- 25.10 Hægt er að tilgreina með krossi hvers konar skriflegur þjónustusamningur hafi verið undirritaður við eiganda/notanda kerfisins.

26 Uppsetningarstaða

- 26.10 Hægt er að tilgreina með krossi hvort uppsetningin er ný, breytt, stækkuð eða hafi verið fengin hjá öðrum uppsetningaraðila.

27 Notkunarsvið kerfisins

- 27.10 Hægt er að tilgreina með krossi hvaða notkunarsviðum uppsetta SIV-kerfið búi yfir. Einnig skal tilgreina fjölda notkunarsviða.
- 27.11 Tilgreind notkunarsvið skulu vera í samræmi við lið 21, öryggisþrep. Sem dæmi má nefna að öryggisþrep IV krefst sem lágmark kerfisgerðar SIV-D og, ef í notkunarsvæðinu koma fyrir innri gangar sem mynda skil við svæðið á öryggisþrepi IV þá skyldi nota kerfisgerð SIV-B. Samanlagt notkunarsvið verður í þessu tilviki minnst 1 x D og 1 x B.

28 Viðvörðunarsending

- 28.10 Hægt er að tilgreina með krossi hvaða gerð viðvörðunarsendingar hafi verið valin í tengslum við uppsetta SIV-kerfið.
- 28.11 Tegund viðvörðunarsendingar skyldi vera í samræmi við öryggisþrepið sem tilgreint var. Sem dæmi má nefna að ef notað er öryggisþrep IV, verður að nota sendingu með auðkenningu, með t.d. sérstöku boðflutningskerfi símafyrirtækjanna.

30 Undirskrift og stimpill

31 SIV-skráningarnúmer

- 31.10 Tilgreint er skráningarnúmer SIV-uppsetningaraðilans.
- 31.11 Hafi uppsetningin verið framkvæmd af þjónustumiðstöð sem skráð er hjá Skafor, skyldi tilgreina skráningarnúmer þess SIV-uppsetningaraðila sem þjónustu-miðstöðin er skráð hjá.

32 Stimpill og undirskrift

- 32.10 Stimpill SIV-uppsetningaraðilans og undirskrift starfsmanns sem leyfi hefur til þessa.

33 Stimpill

- 33.10 Hafi uppsetningin verið framkvæmd af Skafor-viðurkenndri þjónustumiðstöð, sem heyrir undir uppsetningaraðilann, þá skal stimpill miðstöðvarinnar sýndur hér.

40 Skoðun og rekstur

41 Skuldbindingar eiganda/notanda SIV-kerfisins

- 41.10 Eigandi/notandi SIV-kerfisins vottar hér með undirskrift sinni að hann geri sér grein fyrir skuldbindingum sínum varðandi notkun SIV-kerfisins og eftirlit með því.
- 41.11 Hafi SIV-kerfið ekki verið sett upp í tengslum við tryggingarsamning og vilji eigandi/notandi SIV-kerfisins því ekki undirrita uppsetningarumsögnina, skal uppsetningaraðilinn gera grein fyrir þessu.

50 Sent til

51 Sent inn

- 51.10 Tilgreint er með því að krossa við í viðeigandi reiti hvort uppsetningaraðilinn hefur sent alla þrjá hluta uppsetningarumsagnarinnar til:
- Hvítt afrit, til F&P??
 - Blátt afrit, til tryggingarfélagssins
 - Rautt afrit, til eiganda/notanda kerfisins.
- Gula afritið er ætlað uppsetningaraðilanum.
- 51.11 Hafi SIV-uppsetningaraðilinn sent bláa afritið af uppsetningarumsögninni til F&P, skyldi það afrit sent áfram til viðeigandi tryggingarfélags.
- 51.12 SIV-uppsetningaraðilinn er skv. skráningarskilmálunum skuldbundinn til að senda, að kostnaðarlausu, uppsetningarumsögn til F&P?? fyrir öll SIV-kerfi, sem sett eru upp í fyrirtækjum sem eru með vörur til sölu, leigu, viðgerðar eða til sýnis í þeim tilgangi að selja þær, og einnig að kostnaðarlausu fyrir öll önnur SIV-kerfi sem tryggingarfélagið eða eigandi/notandi kerfisins kynni að fara fram á.

120 EFTIRLIT OG VIÐHALD

Eiganda/notanda kerfisins ber að sjá til þess að SIV-kerfið, sem sett var upp, sé ávallt í virku ástandi. SIV kerfið skal reglulega vera yfirfarið og prófað af uppsetningaraðila sem viðurkenndur er í samræmi við þessar leiðbeiningar.

10 Almenn

- 10.10 Uppsetningaraðila SIV-kerfisins ber við afhendingu og eftirlit SIV-kerfisins að gæta þess að eigandinn/notandinn fái nægilega vitneskju og þjálfun um virkni kerfisins þannig að:
- 10.11 Komið verði í veg fyrir óþarfa viðvaranir ef mögulegt er
- 10.12 Hlutir, vörur og þess háttar sé ekki staðsett þannig að eiginleikar skynjara kerfisins skerðist
- 10.13 Öryggi kerfisins miðað við hönnunarforsendur skerðist ekki þó húsnæðinu hafi verið breytt.

20 Eftirlits- og viðhaldssamningur

- 20.10 Skriflegur samningur um reglubundið viðhald og eftirlit skal gerður á milli viðurkennds uppsetningaraðila og eiganda kerfisins. Samningurinn skal tilgreina eftirfarandi:
- 20.11 Eftirlit minnst hvert ár eða
- 20.12 Eftirlit minnst annað hvert ár ásamt fullgildum þjónustu- og viðhaldssamningi sem gildir í minnst 24 mánaða tímabil
- 20.13 Eftirlit minnst árlega, ef SIV-kerfið felur í sér þráðlausan boðsendi eða móttökubúnað.
- 20.14 Einnig skulu öll fyrirmæli í vaktmiðstöð yfirfarin og uppfærð minnst einu sinni á ári.

30 Eftirlitið tekur til

- 30.10 Hvert eftirlit skal að minnsta kosti fela í sér:
- 30.11 - Notkunarprófun á einingum sem hafa seinkun eða framhjá tengibúnaði.
- 30.12 - Notkunarprófun á viðvörðunareiningum
- 30.13 - Notkunarpróf á boðsendibúnaði (stjórnstöð)
- 30.14 - Skoðun á sjáanlegum einingum kerfisins.
- 30.15 - Skoðun á brotþynnu.
- 30.16 - Notkunarprófun á skynjurum (notkunarsvæði).

Sjálfvirk Innbrotaviðvörðunarkerfi

- 30.17 - Hreinsun skynjara, leiðbeiningar framleiðanda skulu fylgja með
- 30.18 - Eftirlit með orkugjafa fyrir þráðlausan sendi og móttökubúnað, ef um er að ræða rafgeymi eða rafhlöðu.

40 Full þjónusta og viðhald

- 40.10 Full þjónusta og viðhald eiga við um uppsetningu á SIV-kerfi, Samkvæmt EN staðli, og nær á gildistímabilinu yfir eftirfarandi:
- 40.11 - Endurstillingu kerfis eftir útkall. (Skekkjuleiðréttingu)
- 40.12 - Viðgerðir/endurgerð
- 40.13 - Skipt skuli um bilað eða slitið efni
- 40.14 - Viðhald.
- 40.20 Full þjónusta og viðhald skv. lið 40.10 skyldi framkvæmd af SIV-uppsetningaraðila, án þess að eigandi/notandi kerfisins þurfi að bera kostnað af því, umfram það sem samið hefur verið um í viðhaldssamningi samkv..